



Fulltrúar yngri kynslóðarinnar voru fengnar til að festa minnismerkið um jökulinn fyrrverandi Ok. Rúmlega hundrað manna hópur gekk upp á fjallið í gær og voru fulltrúar fjölmargra erlendra fjölmiðla viðstaddir. Héldu Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra og Mary Robinson, fyrrverandi forseti Írlands, ræður. Sjá síðu 2 FRÉTTA BLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

FRÉTTA BLAÐIÐ
+PLÚS

Fleiri myndir ofan af Oki er að finna á +Plússiðu Fréttablaðsins. Fréttablaðið +Plús er í Fréttablaðs-appinu og PDF-útgáfu á Fréttablaði.is.

Nýr þjóðgarður ávísun á örfoka land

Forsvarsmenn Landgræðslunnar og Skógræktarinnar telja hugmyndir umhverfisráðherra um hálandisþjóðgarð vernda örfoka land fyrir uppgræðslu. Nær væri að hefja stórfellda uppgræðslu á landi sem yrði þá friðað og fest í sessi eftir jarðvegseyðingu fyrri alda.

NÁTTÚRA Skógræktin gagnrýnir hugmyndir stjórnvalda um þjóðgarð á miðhálandinu. Í þeim felist að eyðisandar séu varðveittir og því verði ekki hægt að rækta upp örfoka mela og snúa við jarðvegseyðingu innan mögulegs þjóðgarðs.

Í athugasemdum Skógræktarinnar til stjórnvalda er gagnrýnt að höfuðáhersla nýs þjóðgarðs verði að varðveita núverandi ástand gróðurs og eyðisanda á hálandi Íslands. Í hugmyndum ráðherra um þjóð-

garðinn séu eyðisandar taldir sérstæð náttúruyfyrirbæri og að þeir séu einkennandi fyrir miðhálandi Íslands. Verndarmarkmið garðsins sé því að vernda „litt snortin viðlendi“, eins og það sé kallað.

„Hálandi Íslands var að stórum hluta vel gróið fyrr á öldum og ósjálfbær landnýting orsakaði jarðvegseyðingu á stórum hluta hálandis landsins. Viða má enn finna birki, víði og reynivið langt inni á hálandi sem sýnir glögg hversu útbreiddir



Pétur Halldórsson, upplýsinga-
fulltrúi Skógræktarinnar.

skógar voru fyrr á tímum á hálandi Íslands,” segir í umsögn skógræktarinnar.

Því spyrji forsvarsmenn Skógræktarinnar og Landgræðslunnar

sig hvernig hugsað sé að fara með þau svæði hálandisins sem séu illa farin vegna gróðureyðingar og þurfi uppgræðslu. Ef markmiðið er að vernda þau í því óviðunandi ástandi.

„Stór svæði hálandisins voru áður gróin. Á að vernda þau sem kolefnislandi eyðimerkur eða á að hefja þau til fyrri vegs og virðingar?“ spyr Pétur Halldórsson, upplýsingafulltrúi Skógræktarinnar.

„Skógræktin leggur til að í stað

þess að setja á fót einn risastóran þjóðgarð sem óvíst sé að fái fjármagn til að sinna verkefnum sínum verði byrjað á því að stækka Vatnajökulsþjóðgarð með því að bæta við hann þeim svæðum á miðhálandinu sem brýnast er að vernda,” segir Páll.

Endurheimt lífríkis, skóga og gróðurs er lögbundið hlutverk Skógræktarinnar. Hins vegar hafa slík verkefni ekki verið áberandi í markmiðum friðlýstra svæða. – sa



Leiðsöguhundurinn Labbi leiðir fram hjá hindrunum og hættum.

Vilja frjálsari för leiðsöguhunda

SAMFÉLAG Blindrafélagið berst fyrir auknu ferðafrelsi leiðsöguhunda.

„Við höfum keypt leiðsöguhunda og fært ríkinu að gjöf. En fjögurra vikna einangrun í hvert skipti við komuna til landsins er óásættanleg,” segir formaður félagsins, Sigþór U. Hallfredsson.

Fjallað er um 80 ára afmæli Blindrafélagsins í Tímamótum í dag. – ds / sjá síðu 20

Fréttablaðið í dag

SKOÐUN Opinberir starfsmenn snæða opinberan hádegisverð í opinberum mótuneytum dag hvern, skrifar Hildur Björnsdóttir. **10**

SPORT Kvinnalið Selfoss í knattspyrnu varð bikarmeistari í fyrsta skipti í sögu félagsins. **16**

LÍFID Edrúmennskan kom hljómsveitinni Motorfly aftur saman. **26**

PLÚS 3 SÉRBLÖÐ • FÓLK • FASTEIGNA BLAÐIÐ • SKÓLAR OG NÁMSKEIÐ

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

Bæjarhátíðarskraut!
Vatnsheldar fánalengjur ofl.

Sendum samdægurs
Finndu okkur á

PARTYBÚÐIN

Faxafeni 11 • Sími 534 0534

Actavis Vnr 06 68 62

Omeprazol Actavis 20mg

14 magasýrupolin hörð hylki

Omeprazol Actavis

20 mg, 14 og 28 stk.

Magasýrupolin hörð hylki ætluð fullorðnum til skammtíma meðferðar við einkennum bakflæðis (t.d. brjóstsvíða og nábit). Gleypið hylkin í heilu lagi með hálfu glasi af vatni fyrir mat eða á fastandi maga. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitid til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is

Actavis




Krambúðin

Opnum snemma
– lokum seint
15 verslanir um land allt



Veður



Norðaustan og norðan 8-15 m/s. Rigning norðaustan- og austanlands. Norðlæg víða 5-13 m/s, hvassast við A-ströndina. Hiti 5 til 10 stig um landið norðanvert, en 11 til 17 stig syðra. **SJÁ SÍÐU 20**

Réttað í máli Jóhanns í desember 2020

DÓMSMÁL Alríkisdómstóll í Los Angeles hefur nú breytt dagsetningum í málaferlum Jóhanns Helgasonar vegna meints stuldar á laginu Söknuði. Nú er gert ráð fyrir að réttarhöldin sjálf verði ekki fyrr en í desember 2020 í staðinn fyrir í maí það ár.

Málið hefur meðal annars tafist vegna starfa tónlistarsérfræðinga fyrir málsaðilana. Fréttablaðið hefur áður sagt frá sérfræðialiti sem prófessor í tónlistarfræði vann fyrir fyrirtækin sem Jóhann hefur stefnt. Vegna umfangs þeirrar greinargerðar fékk lögmaður Jóhanns tveggja mánaða viðbótarfrest fyrir sérfræðing Jóhanns til að svara þeim röksemdum. Sá frestur er til 13. september næstkomandi.



Jóhann Helgason
tónlistarmaður

Síðan hefur dómari málsins ákveðið nýjar dagsetningar fyrir framhald málsins. Þannig hafa andstæðingar Jóhanns frest til 18. október til að svara álitum hans tónlistarsérfræðings.

Mikilvægasta dagsetningin framundan í málinu á nú að vera 6. desember næstkomandi. Þá mun dómari taka afstöðu til kröfu lögmanns Warner Music og Universal Music um frávisun málsins.

Verði dómariinn við kröfunni um frávisun virðist málinu lokið. Ef hann hafnar kröfunni hins vegar fá lögmennt málsaðilanna frest til 21. ágúst á næsta ári til að leggja fram frekari greinargerðir.

Öll viðbótargögn verða síðan að vera komin fram 6. nóvember 2020 áður en réttarhöldin sjálf hefjast í Los Angeles þann 8. desember klukkan 8.30 að staðartíma. – gar

Gleði í göngunni



Hinn ástsæli listamaður Páll Óskar lét sig ekki vanta í Gleðigönguna í ár, hápunkti Hinsegin daga, sem fór fram í Reykjavík á laugardag. Fjöldi gekk þar fylkta liði og krafðist jafnréttis fyrir hinsegin fólk. Sjá nánar á síðu 24 FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

FRÉTTABLAÐIÐ
+PLÚS Fleiri myndir úr Gleðigöngunni er að finna á +Plúsi síðu Fréttablaðsins. Fréttablaðið +Plús er í Fréttablaðs-appinu og PDF-útgáfu á Fréttablaði.is.

Leiðtogar koma til landsins

UTANRÍKISMÁL Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra tekur í dag á móti Stefan Löfven, forsætisráðherra Svíþjóðar, Angelu Merkel, kanslara Þýskalands, og Antti Rinne, forsætisráðherra Finnlands.

Ráðmennirnir þrjú koma hingað til lands, ásamt forsætisráðherrum annarra Norðurlanda, til þess að sækja árlegan samarfund Norðurlandaleiðtoga þar sem Merkel er sérstakur gestur.

Mun Katrín fara með Löfven í heimsókn í Hellsisheidarvirkjun í dag og hitta Rinne í Ráðherra-bústaðnum. Þaðan fer forsætisráðherra á Þingvelli þar sem hún tekur á móti þýska kanslaranum.

Ráðherrafundurinn sjálfur er svo á morgun í Hörpu. Á fundinum er ætlunin að fjalla um loftslagsmál og önnur umhverfismál, framtíðarsýn Norrænu ráðherranefndarinnar, norðurslóðir, stöðu mannréttindamála, alþjóðamál og öryggismál.

– þea

Sorg í hjarta en þó líka von í brjóstum á Oki

Jökullinn Ok var í gær kvaddur með táknrænum hætti er minnismerki var komið þar fyrir. Guðmundur Ingi Guðbrandsson umhverfisráðherra segir athöfnina hafa sent þau skilaboð til heimsins að hamfarahlýnun eigi sér stað.

UMHVERFISMÁL „Á sama tíma og ég finn fyrir svolitilli sorg í hjartanu þá finn ég líka fyrir von vegna þess að hér er samankominn mikill fjöldi fólks sem er staðráðið í því að vinna allt sem það getur til að snúa við þessari hamfarahlýnun sem er að eiga sér stað. Það er það sem vekur manni von í brjósti,“ sagði Guðmundur Ingi Guðbrandsson umhverfisráðherra á minningaráthöfn um jökullinn Ok sem fram fór í gær.

Fjöldi fólks kom saman í Kaldadal í gær við rætur fjallsins Ok. Þar héldu Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra og Mary Robinson, fyrrverandi forseti Írlands, ræður þar sem þær lögðu út frá mikilvægi þess að frekari aðgerða sé þörf til að mæta loftslagsbreytingum sem hvarf Ok sé skýrt dæmi um.

Rúmlega hundrað manns gengu svo upp á fjallið Ok þar sem minnismerki um jökullinn fyrrverandi var komið fyrir. Hópurinn gekk síðasta spölinn í táknrænni þögn. Oddur Sigurðsson jöklafræðingur las þar upp dánarvottorð jökulsins og Andri Snær Magnason rithöfundur flutti stutta tölu en hann skrifaði textann á minnismerkinu.

Guðmundur Ingi segir það mjög táknrænt að minnismerkið hafi verið sett upp á Ok. „Hér er verið að senda þau skilaboð til heimsins að hamfarahlýnun er að eiga sér stað.“ Hann segir að allar þjóðir heims þurfi að gera betur í baráttunni gegn loftslagsbreytingum. „Það er ofboðslega margt að gerast í samfélaginu, meðal einstaklinga og fyrirtækja, og sem betur fer í stjórnmálunum líka við að reyna koma þessum málum í betri farveg.“ Stjórnvöld kynntu loftslags-



Andri Snær Magnason flutti ávarp á Oki í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Það er alveg greinilegt á vísindunum sem við horfum til að það þarf að gera miklu meira.

Guðmundur Ingi Guðbrandsson, umhverfisráðherra

áætlun sína fyrir tæpu ári en Guðmundur Ingi segir að þegar sé verið að endurskoða hana.

„Við eigum endalgaust að vera að skoða nýjar og hertar aðgerðir. Það er alveg greinilegt á vísindunum sem við horfum til að það þarf að gera miklu meira. Það er ekkert leyndarmál í heiminum þannig að allur þrýstingur á stjórnvöld, eins og loftslagsverkföll nemenda, eru að mínu mati mjög af hinu góða. Það hvetur okkur áfram.“

Dominic Boyer, prófessor í mannfræði við Rice-háskóla í Houston, var einn aðalskipuleggjenda viðburðarins í gær. Hann sagði það tilfinningaþrungna stund að þessu verkefni væri lokið.

„En ég tel okkur hafa áorkað miklu meira með þessu verkefni en við hefðum getað búist við. Við höldum að við værum að gera eitthvað sem höfðaði til fárra en það er ótrúlegt að vita til þess að margar milljónir um allan heim vita nú af þessu.“

Hann segist binda vonir við orð Katrínar Jakobsdóttur um að Íslendingar ætli að vera í forystusveit þeirra landa í heiminum sem ætli að leiða aðgerðir gegn loftslagsbreytingum. Vonast hann til að spennandi fréttir berist af fundi norrænu forsætisráðherranna á næstu dögum.

sighvatur@frettabladid.is

TENNIS

er skemmtileg hreyfing

- Nú er rétti tíminn til að panta fastan tíma í tennis.
- Eigum nokkra tíma lausa.
- Skemmtilegu byrjendanámskeiðin fyrir fullorðna eru að hefjast.

TENNISHÖLLIN
Kópavogi

Skráning og upplýsingar í síma 564 4030 eða á tennishollin.is



TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

TOYOTA C-HR SJÁLFHLAÐANDI HYBRID

ISLENSKUSÍÐUN 2019



50% RAFDRIFINN*

Verð frá:

C-HR – 4.630.000 kr.

C-HR Hybrid – 4.840.000 kr.



Í fullkomnu flæði

Toyota C-HR er fínslípaður demantur sem sker sig úr hvar sem hann kemur. Kröftug vél, einstakir aksturseiginleikar ásamt háþróðu farþegarými sjá til þess að þú líðir um strætin í fullkomnu flæði. Komdu, taktu í stýrið og finndu hvernig Toyota C-HR skapar algjörlega ný viðmið. Orkuskiptin eru hafin.

2 ára þjónustupakki fylgir með nýjum Toyota C-HR, viðskiptavinum að kostnaðarlausu.

Allir nýir Toyota Hybrid bílar eru núna sporlausir í samstarfi við Kolvið.

Nú er 7 ára ábyrgð á öllum nýjum Toyota bifreiðum.



UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS



Toyota Kaupúni
Kaupúni 6

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19

Toyota Selfossi
Fossnesi 14



*Samkvæmt opinberum mælingum DRIVECO, CARE og ENEA á aksturstíma Hybrid bíla í blönduðum akstri, án aðkomu bensínvélar. Sjá nánar á www.toyota.is.

Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. Gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. Birt með fyrirvara um villur.

Fyrirverandi ráðherra fékk 8,7 milljónir króna fyrir skýrsluskrif

STJÓRNSÝSLA Ragnheiður Elin Árnadóttir, fyrirverandi iðnaðar- og viðskiptaráðherra, fékk 8,7 milljónir króna fyrir skýrslu um stefnu norræna stjórnvalda í ferðamálaum. Heildarkostnaður við skýrsluna var um 12,2 milljónir.

Þetta kemur fram í svari atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins við fyrirspurn Fréttablaðsins. Skýrslan var greidd af norrænu ráðherranefndinni en starfsemi hennar



Ragnheiður Elin Árnadóttir.

er fjármögnuð með framlögum frá norrænu ríkjum. Framlag Íslands fyrir árið 2019 er um 204 milljónir króna.

Ragnheiður Elin naut aðstoðar Berglindar Hallgrímsdóttur, forstöðumans hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands, sem fékk 1 milljón fyrir sitt framlag. Ferðudust þær um Norðurlöndin, hittu sérfræðinga, ráðherra, forstöðumenn stofnana og fleiri sem koma að stefnumótun í ferðamálaum.

Ferðakostnaðurinn nam 1,3 milljónum en þar af námu fargjöld 587 þúsundum, dagpeningar 172

þúsundum, dvalarkostnaður 417 þúsundum, keyptar máltíðir 59 þúsundum og útgjöld vegna leigubifreiða 71 þúsund krónum. Þá var tæplega 1,2 milljónum varið í ljósmyndir, hönnun og þýðingarvinnu.

Helsta niðurstaða skýrslunnar er að Norðurlönd hafi til mikils að vinna með samstarfi í ferðamálaum. Meðal annars gæti borgað sig að eiga samstarf á sviði nýsköpunar, stafrænnar þróunar og markaðs-

mála. Efni skýrslunnar var ætlað að nýtast í vinnu að norrænni ferðamálaáætlun sem kynnt var í júlí.

Lagt er til í nýju ferðamálaáætluninni að auka áherslu á stafræna væðingu og þróun svonefndra snjallra áfangastaða, auk þess að auka skilvirkni í samstarfi um tölfræði og greiningar. Áhersla er lögð á mikilvægi aukins samráðs milli áhrifafólks í samfélögum okkar og aðila ferðaþjónustunnar. – þfh



FRÉTTABLAÐIÐ IS

- 1 Stilhreint brúðkaup Sólrúnar Diego
- 2 Fólki beðið um að þvo bílana ekki heima
- 3 Slökkvibíll komst ekki inn Haðarstig vegna eldsvoða
- 4 Sveinn hættir rekstri AALTO Bistro: „Ég hafði ekki úthald í meir“
- 5 Paris Hilton gerði feril Kim Kardashian mögulegan
- 6 Fann sína hillu í morðum og glæpum

Allar nýjustu fréttir og blað dagsins eru fánleg á www.frettabladid.is

Ný strætóleið milli BSÍ og HR

SAMGÖNGUR Strætó hefur tekið upp nýja strætisvagnaleið milli Háskólans í Reykjavík og BSÍ.

„Í gegnum árin hefur leið 5 ekið milli Nauthóls og Norðlingahóls en leiðin mun skiptast í tvennt á virkum dögum í vetur. Leið 5 mun aka milli BSÍ og Norðlingahóls og ný leið, leið 8, mun aka á milli Nauthóls og BSÍ,“ segir í tilkynningu Strætós.

Leið 8 mun ekki aka um helgar en leið 5 aka hefðbundnu leið milli Norðlingahóls og Nauthóls. Þá aka leiðir 18, 24 og 28 samkvæmt vetrarætlun frá og með í dag. – gar

Telur að frumvarp til lyfjalaga geri lítið úr lyfjafræðingum

Fyrirverandi deildarstjóri hjá Lyfjastofnun segir frumvarp heilbrigðisráðherra um ný lyfjalög hroðvirknislega unnið. Höfundar hafi ekki djúpa þekkingu á lyfjamálum. Frumvarpið verður líklegast lagt fram í vetur.

HEILBRIGÐISMÁL Frumvarp heilbrigðisráðherra til nýrra lyfjalaga er hroðvirknislega unnið og mislukkað tækifæri til að endurskrifa lög sem úr sér eru gengin. Þetta er mat fyrirverandi deildarstjóra hjá Lyfjastofnun sem hefur áratuga reynslu af vinnu við fagið, bæði á Landakoti og hjá Lyfjastofnun.

Til stendur að leggja fram frumvarp á næsta þingi þar sem lyfjalög eru endurskoðuð. Eldri löggin eru að sögn orðin úr sér gengin og ný tækni og þekking hafa gjörbreytt umhverfi lyfjamála.

Mímír Arnórsson starfaði lengi hjá Lyfjastofnun og finnur margt að frumvarpi ráðherra.

„Til að byrja með þá stendur í fyrstu grein að lyfjadreifing sé órjúfanlegur hluti heilbrigðisþjónustu. Það eru einmitt til lög um heilbrigðisþjónustu og maður skyldi þá ætla að lög um heilbrigðisþjónustu myndu minnst á lyfjadreifingu. Hins vegar er ekki minnst á það í þeim lögum,“ segir Mímír.

Einnig segir Mímír að í frumvarpi ráðherra séu fjölmörg hugtök sem ekki séu útskýrð nánar og ekki liggja í augum uppi hvað þýða. „Því verður erfitt að fara eftir þessum lögum,“ segir hann.



Ný lyfjalög eiga að leysa af hólmi lög frá 1994 sem eru að mati sérfræðinga barn síns tíma. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Með frumvarpinu er gert lítið úr lyfjafræðingum og þar með framlagi heillar deildar innan Háskóla Íslands.

Mímír Arnórsson, lyfjafræðingur of fyrirverandi deildarstjóri hjá Lyfjastofnun



Frumvarpið hefur sjálfst verið í vinnslu í stjórnkerfinu í fjögur ár og á að koma í stað eldri lyfjalaga frá árinu 1994. Mímír segir mikilvægt að nýtt frumvarp verði að veruleika en telur þessa tilraun misheppnaða.

„Lyfjalögin frá árinu 1994 eru orðin gömul og mjög erfitt fyrir lyfjafræðinga og þá sem starfa eftir þeim að fylgja lögnum. Svo þegar tækifæri gefst til að endursemja þetta allt saman þá er það gert hroðvirknislega, og ég tala nú ekki um málarslega,“ segir Mímír.

Í athugasemd við frumvarpið segir Mímír lítið gert úr lyfjafræðingum.

„Enn fremur er ekki tryggt að lyfjafræðingur veiti Lyfjastofnun forstöðu eða stofnunin hafi lyfjafræðing í þjónustu sinni líkt og tryggt er að lækni sinni Embætti landlæknis eða dýralæknir sé staðgengill forstjóri Matvælastofnunar.“

Með frumvarpinu er gert lítið úr lyfjafræðingum og þar með framlagi heillar deildar innan Háskóla Íslands.

Frumvarpið er hroðvirknislega unnið og höfunda þess skortir yfirsýn og djúpa innsýn í lyfjamál,“ segir í athugasemd Mímír Arnórssonar.

sveinn@frettabladid.is



ramisland.is

NÝR RAM 3500

NÝTT GLÆSILEGT ÚTLIT. NÝJAR ÚTFÆRSLUR OG FJÖLMARGAR TÆKNINÝJUNGAR Í BODI.

EIGUM TIL Í CREW CAB, BIG HORN, LARAMIE, SPORT OG LIMITED ÚTFÆRSLUR TIL AFGREIÐSLU STRAX. MEGA CAB Í LARAMIE OG LIMITED ÚTFÆRSLUM EINNIG.

RAM 3500 VERÐ FRÁ: 6.987.745 KR. ÁN VSK.
RAM 3500 VERÐ FRÁ: 8.640.000 KR. M/VSK.

Birkir Snær Mánason
fyrirverandi nemandi
í Frambraut-Kerfisstjórnun

FRAMABRAUT – KERFISSTJÓRNUN

GÓÐIR ATVINNUMÖGULEIKAR

FRAMABRAUT – KERFISSTJÓRNUN – frá byrjendum til sérfræðinga

Sérlega áhugaverð og gagnleg tveggja anna námsbraut sem gerir miklar kröfur til nemenda. Þetta nám hentar þeim sem hafa áhuga á að skapa sér frama á upplýsingatæknisviði með kerfisstjórnun sem aðalgrein. **Mjög margir nemendur okkar hafa hafið störf á nýjum vettvangi eftir námið.**

VIÐFANGSEFNI

Búnaður, þjónusta og öryggi • CCNA • MCSA • Skýjaþjónustur (MS Office 365 + Azure + Amazon) • Verkefnadagar*

STÍGÐU ÞÍN FYRSTU SKREF Í TÆKNIHEIMINUM

Námið hentar byrjendum afar vel. Nemandur þurfa ekki að hafa reynslu eða aðra menntun á sviði upplýsingatækni þegar námið hefst.

ALÞJÓÐLEGAR PRÓFGRÁÐUR

Að námi loknu eiga nemendur möguleika á að öðlast 7 alþjóðlegar prófgráður sem er mikilvægt að hafa þegar sækja á um vinnu í upplýsingatæknigeiranum hvar sem er í heiminum.

ÚRVALSLIÐ KENNARA – LÆRÐU AF ÞEIM BESTU

Allir kennararnir eiga það sameiginlegt að búa yfir gríðarlega mikilli reynslu í upplýsingatækni og hafa þar að auki Microsoft Certified Trainer gráðu frá Microsoft. Enn frekar erum við stolt af því að hafa í kennaraliðinu þá einu tvo sem bera meistaragráðu frá Microsoft (Microsoft Certified Master) í Active Directory og Messaging.

STERK TENGING VIÐ ATVINNULÍFIÐ – STARFSNÁM

Námsbrautin er unnin í samvinnu við nokkur af sterkustu tæknifyrirtækjum á íslenska markaðnum og má sem dæmi nefna Microsoft, Nýherja, Opin kerfi, Advania og Sensa. Nemandum gefst kostur á að fara í starfsnám tvisvar sinnum á námstímanum.

Hefst **26. og 27. ágúst 2019** – lýkur **júní 2021**

*Ath! Einnig hægt að bóka sig á stök námskeið.

PROMENNT • Skeifunni 11B • 108 Reykjavík • Sími 519 7550
promennt@promennt.is • promennt.is

Skráning og nánari upplýsingar á promennt.is



FRÆÐSLUSKÝIÐ



STAÐKENNSLA



FJARKENNSLA
Í BEINNI

**NÁMSKYNNING
OG RÁÐGJÖF**

TÆKNINÁM
þriðjudaginn
20. ágúst kl. 17:30

AÐRAR NÁMSBRAUTIR TÆKNINÁMS

Kerfisstjórnun: MCSA+O365

Hefst **27. ágúst 2019** – lýkur **9. janúar 2020**

AF HVERJU NÁM HJÁ PROMENNT?

- Persónuleg þjónusta og mikil aðstoð við nemendur.
- Náið samstarf við atvinnulífið.
- Mikill hluti nemenda Promennt hefur fengið ný starfstækifæri að loknu námi.
- Nemandur hafa val um staðkennslu og/eða fjarkennslu í beinni ásamt góðum stuðningi með Fræðsluskýinu sem inniheldur upptökur frá öllum kennslustundum.

PROMENNT



Ákvörðun Indlandsstjórnar um Kasmír mótmælt. NORDICPHOTOS/AFP

Aftur skorið á samskiptin

INDLAND Stjórnvöld á Indlandi drógu ákvörðun sína um að heimila síma- og internetnotkun í ýmsum hverfum borgarinnar Srinagar í indverska hluta Kasmír til baka í gær. Þá var útgöngubann sett aftur á sömuleiðis. Þetta hafði Reuters eftir heimildarmönnum á svæðinu en tugir höfðu sæst fyrir um daginn í átökum lögreglu og íbúa.

Stjórn Narendra Modi forsætisráðherra ákvað fyrr í mánuðinum að svipta indverska hluta Kasmír sjálfsstjórn. Hann felldi stjórnarskrá héraðsins úr gildi og dró löggjafarvaldið til baka. Að eigin sögn til að sameina Indland undir einni stjórnarskrá en að sögn gagnrýnenda til þess að ógilda lög svæðisins um að aðkomufólk fái ekki að kaupa jarðir. Hugmyndin er, samkvæmt gagnrýnendum, sú að þannig geti BJP-flokkur Modi, sem aðhyllist hindúa-þjóðernishyggju, breytt þeirri staðreynd að múslimar eru í meirihluta í Kasmír.

Ákvörðuninni hefur verið harðlega mótmælt í Kasmír og hafa stjórnvöld, samkvæmt Reuters, látið reisa vegatálma til þess að hindra för íbúa um svæðið. – Þea

Alelda



Yfirvöld á Gran Canaria, einni Kanaríeyja, gerðu 4.000 íbúum í gær að yfirgefa heimili sín vegna umfangsmikilla skógarelda sem brotist hafa út á eyjunni. Hér má sjá slökkviliðs- og lögreglumenn í Vallesco fylgjast með skógareldunum. Um 1.700 hektarar stóðu í ljósum logum í gær og ellefu vegum hafði verið lokað. Um 700 slökkviliðsmenn börðust við eldana, þar af 200 úr spænska hernum, með tíu flugvélar og þyrlur. NORDICPHOTOS/AFP

AFMÆLIS TILBOÐ

35
ára



35 ára afmælistilboð
allt að 45%
afsláttur
út Ágúst
freud.

- Hjólsagarblöð
- Bandsagarblöð
- Tifsagarblöð
- Fræsitenur
- Fræsihakar
- Hefiltennur
- Dósaborar
- Þrepaborar
- Handfræsitenur
- Fræsitanahausar
- Sagarblöð fyrir plastparket

Skerping ehf.

Smíðjuvegi 11 200 Kópavogi Sími. 564 2488 **Gul Gata**

www.skerpingehf.is

Rómafólkið á Íslandi er frá ýmsum löndum

Um helgina lauk alþjóðlegri ráðstefnu um málefni Rómáfólks, eða sígauna, sem haldin var í Veröld – húsi Vigdísar Finnbogadóttur. Aðalskipuleggjandi ráðstefnunnar, Sofiya Zahova, segir Rómáfólk hálfgerð huldúfólk á Íslandi.

SAMFÉLAG „Það kann að hljóma mjög framandi að halda ráðstefnu um sígauna á Íslandi, en svo er alls ekki. Það búa nú á fjórða hundrad hér á landi sem tilheyrja þjóðflokknum,“ segir Sofiya Zahova, nýdoktor við Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur innan Háskóla Íslands.

Sofiya er aðalskipuleggjandi árlegrar ráðstefnu samtakanna Gypsy Lore Society, alþjóðlegra samtaka um málefni Rómáfólks, sem iðulega er kallað sígaunar. Ráðstefnan fór að þessu sinni fram í Veröld – húsi Vigdísar, og lauk nú á laugardaginn. Ráðstefnan er ávallt haldin í nýju landi á hverju ári.

„Það er ekki vegna þess að Rómáfólk er þekkt fyrir að vera sífellt á flakki,“ segir Sofiya og hlær.

„Þetta kemur til vegna þess að Rómáfólk er um allan heim og hlutverk ráðstefnunnar, sem er sú elsta sinnar tegundar í heimi, er að auka skilning á þessum þjóðflokki eins mikið og hægt er,“ heldur Sofiya áfram.

Flestir helstu sérfræðingar heims í málefnum Rómáfólks komu saman á ráðstefnunni, alls 140 þátttakendur frá 33 löndum.

Sofiya segir margar staðalmyndir fastar við Rómáfólk, hvort sem það sé aldraðar konur með kristalskúlu eða hreinlega þjófur sem svífast einskis og lifa utan ramma hefðbundins samfélags.

„Á Vesturlöndum er oft litið á fólkíð sem óvelkomna villimenn, það kom skýrast fram í helförinni, ég sem kem frá Búlgaríu hef alltaf litið á sambúð við Rómáfólk sem hinn eðlilegasta hlut.“



Sofiya Zahova, nýdoktor í þjóðfræði við Háskóla Íslands, kemur frá Búlgaríu og er vön sambúð með Rómáfólki. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Á Vesturlöndum er oft litið á fólkíð sem óvelkomna villimenn.

Sofiya Zahova, nýdoktor við Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur

Sofiya segir engar rannsóknir til um Rómáfólk á Íslandi. „Það má segja að þetta sé hálfgerð huldúfólk,“ segir hún. Til séu heimildir um sígauna á Seyðisfirði snemma á 20. öld. Af einhverjum ástæðum

hafi fólkíð ekki flust hingað varanlega. „Kannski var það veðrið,“ segir hún og hlær.

Breytingar á samgöngum, efnahag og lífnaðarháttum hafa orðið til þess að fjöldi Rómáfólks býr nú á Íslandi.

„Stór hluti af því er verkafólk sem ferðast um Evrópu í leit að vinnu. Það búa nú mörg hundruð Rómáfólks hér á landi, flestir frá Rúmeníu, Ungverjalandi, Búlgaríu og Póllandi,“ segir Sofiya.

„En það tekur enginn eftir þeim, enda bara venjulegt fólk sem lifir alveg eins og við,“ undirstrikar Sofiya Zahova. arib@frettabladid.is

+PLÚS



Gleðileg gleðiganga

Fjölbreytninni var fagnað vel og rækilega í Gleðigöngunni á laugardag. Bjart og hlýtt veður gerði daginn enn betri og mátti hvarvetna sjá bros á andlitum ánægðrar þátttakenda. Ljósmyndari Fréttablaðsins, Anton Brink Hansen, fangaði augnablik dagsins með linsu sinni og má sjá hluta þeirra hér.





ÚTSALA

20-60% AFSLÁTTUR



CORINNA

**30%
AFSLÁTTUR**

5 SVÆÐASKIPT POKAGORMAKERFI,
STEYPTIR KANNTAR, EINSTÖK ADLÖGUN,
MJÖG GÓÐ ÞYNGDARREIFING

140X200 CM

ÚTSÖLUVERÐ
79.297 KR.
AFSLÁTTUR 113.282 KR.

160X200 CM

ÚTSÖLUVERÐ
100.125 KR.
AFSLÁTTUR 143.036 KR.

180X200 CM

ÚTSÖLUVERÐ
124.537 KR.
AFSLÁTTUR 177.537 KR.

STÓLAR OG SÓFAR Á
**30-60%
AFSLÆTTI**

**30-40%
AFSLÁTTUR
AF KING KOIL RÚMUM**



DAISY

SVÆÐASKIPT, STYRKTIR KANNTAR

**35%
AFSLÁTTUR**

160X200 CM

ÚTSÖLUVERÐ
71.721 KR.
AFSLÁTTUR 110.340 KR.

180X200 CM

ÚTSÖLUVERÐ
96.371 KR.
AFSLÁTTUR 148.181 KR.

Bjóðum
**12 mánaða
vaxtalaus
kreditkortalán.**

rekkjan
HEILSURÚM

Kínverjar ætla ekki að sitja hjá og horfa á mótmælin í Hong Kong

KÍNA Ef mótmælin í Hong Kong halda áfram og stjórnvöld í kínverska sjálfstjórnarhéraðinu Hong Kong ná ekki stjórn á mótmælendum mun ríkisstjórn Kína í Peking ekki sitja hjá og einfaldlega fylgjast með. Þetta sagði Chen Wen, erindreki Kínverja í Lundúnum, við breska ríkisútvarpið í gær.

Undanfarna daga hafa verið fluttar af því fréttir að þúsundir kínverskra herlöggregluþjóna hafi verið fluttar til Shenzhen, steinsnar frá Hong Kong, og í gær gengu á annað

hundrað þúsunda mótmælenda um götur Hong Kong.

Krafn var skýr og hefur ekki breyst. Mótmælendur vilja að frumvarp borgaryfirvalda um að heimila framsal til Kína verði dregið alfaríð, en það hefur nú verið dregið til baka. Þá vilja þeir að borgaryfirvöld lýsi því yfir að mótmælin séu ekki óeirðir, að handteknir og ákærðir mótmælendur verði leystir úr haldi og að Carrie Lam, ædsti embættismaður borgarinnar, segi af sér. Þá er farið fram á óháða rannsókn á

valdbeitingu lögreglu og vilja mótmælendur meina að lögregluþjón borgarinnar hafi beitt táragsi og gúmmikúlubussum að óþörfu. Af þessu hefur ekki orðið.

Deginum ljósara er að kínverski Kommúnistaflokkurinn á meginlandinu er afar ósáttur við það að mótmælunum linni ekki. Hafa talsmenn flokksins á undanförunum dögum og vikum meðal annars sagt mótmælunum svipa til hryðjuverka en mótmælendum hefur ítrekað lent saman við lögreglu. – Þea



Frá mótmælunum í sjálfstjórnarhéraðinu Hong Kong. NORDICPHOTOS/AFP



Oga var bjargað á Miðjarðarhafi þann 12. ágúst. NORDICPHOTOS/AFP

Sáu flóttamenn en sigldu á brott

MALTA Mohammed Adam Oga, sá eini sem lifði af tilraun fimmtán flóttamanna til að sigla yfir Miðjarðarhaf fyrir í mánuðinum, sagði við Reuters í gær að fleiri en eitt skip hefði siglt fram hjá flóttamönnum, hundsáð allar beiðnir um aðstoð og siglt á brott. „Þau komu mjög, mjög nálægt okkur. Sáu okkur í gegnum gluggana. En svo sigldu þau á brott,“ sagði Oga sem nú liggur á sjúkrahúsi í Tal-Qroqq á Moltu.

Fyrir sléttri viku kom áhöfn maltverskrar herþyrilu auga á Oga þar sem hann lá á grúfu yfir líki samferðamanns síns, þess síðasta til að láta lifið. Samkvæmt Oga sjálfum létust hinir flóttamennirnir fjórtán hver af öðrum þegar matar-, vatns- og eldsneytisbirgðirnar kláruðust. Líkin voru sett út á þilfarið þar sem þau rotnuðu í steikjandi Miðjarðarhafssólinni.

„Eldsneytið kláraðist og rafhlaðan í GPS-tækinu sömuleiðis. Við vorum úti á hafi í ellefu daga og maturinn kláraðist allur,“ sagði Oga. – Þea

FRÉTTABLAÐIÐ

Vertu fyrst/ur að lesa blaðið

Fáðu fréttablað dagsins í tölvupósti kl. 3.00 á morgnana. Skráðu þig á póstlista blaðsins á www.frettabladid.is#nyskraning Það kostar ekkert.

Mikil sorg ríkir í Afganistan

Gríðarleg sorg ríkir í Kabúl eftir að 63 voru myrt í sprengjuárás á brúðkaup í afgönsku höfuðborginni. Forsetinn segir árásina skepnuskap og þótt ISIS beri ábyrgð geti talibanar ekki sagst alsaklausir.

AFGANISTAN „Ég vildi að ég gæti fundið líkamsleifar sonar míns og sett þær saman í heilu lagi í grófina,“ sagði Amanullah, íbúi í afgönsku höfuðborginni í Kabúl, við fréttastofu AP í gær. Fjörtán ára sonur hans var á meðal þeirra 63 sem voru myrt í sprengjuárás sem gerð var á brúðkaupsgesti í borginni á laugardag. Afganski armur hryðjuverkasamtakanna sem kenna sig við íslamskt ríki (ISIS) lýsti yfir ábyrgð á árásinni í gær.

Mohammad Aslim, sem lifði árásina af, var enn klæddur í blóðug veislufötin þegar bládamadur fyrrnefnds miðils hitti hann í gær. Hann sagðist þá vera búinn að grafa sextán fórnarlömb og þrátt fyrir að vera orðinn úrvinda ætlaði hann að aðstoða við greftrun enn fleiri fórnarlamba. Hann hafði grafið nokkra nákomna ættingja og vini, meðal annars sjö ára gamlan dreng.

Ashraf Ghani, forseti ríkisins, fordæmdi árásina í nokkrum færslum á Twitter. „Það er fremst í forgangsröðinni hjá mér nú að ná sambandi við fjölskyldur fórnarlamba þessarar villimannslegu árásar. Fyrir hönd þjóðarinnar votta ég samúð mína. Ég bið fyrir skjótum bata hinna særðu,“ sagði Ghani og bætti við:

„Ég hef skipað yfirvöldum að aðstoða hin særðu af bestu getu. Vegna árásarinnar hef ég boðað til öryggisráðsfundar til þess að fara yfir og koma í veg fyrir öryggisbrest.“

Þótt talibanar og Bandaríkjamenn eigi nú í viðræðum um frið á milli talibana og afganskra stjórnvalda, sem og brotthvarf Bandaríkjahers, og þótt talibanar hafi ekki verið á bak við árásina á laugardaginn, sagði Ghani að þeir væru ekki alsaklausir. Þeir byðu nefnilega



Eitt fórnarlamba árásar laugardagsins, slasað á sjúkrahúsi í afgönsku höfuðborginni Kabúl. NORDICPHOTOS/AFP

Vegna árásarinnar hef ég boðað til öryggisráðsfundar.

Ashraf Ghani, forseti Afganistan

upp á vettvang fyrir hryðjuverkamenn í landinu.

Talibanar fordæmdu árásina harðlega. Zabiullah Mujahed, annar tveggja opinberra talsmanna þeirra, sagði í orðsendingu til fjöl-

miðla að það væri ómögulegt að réttlæta svo grimmilegt morð á konum og börnum.

Ekki er vist hvaða áhrif árásin hefur á friðarviðræður við talibana, en talið er að þær séu langt komnar og senn verði komist að samkomulagi. Undanfarnar vikur hafa, þrátt fyrir viðræðurnar, einkenst af togstreitu og átökum. Tíu dagar eru frá því talibanar gerðu sprengjuárás fyrir utan lögreglustöð og myrtu fjórtán og á föstudag var bróðir Hibatullah Akhundzada, leiðtoga talibana, myrtur nærri pakistönsku

borginni Quetta. Enginn hefur lýst yfir ábyrgð á þeirri árás.

Svo virðist hins vegar sem afgönskum almenningi muni áfram stafa hætta af ISIS, enda standa hryðjuverkasamtökin utan við viðræðurnar við talibana. Þessi svokallaði Khorasan-armur ISIS taldi samkvæmt öryggisráði Sameinuðu þjóðanna að minnsta kosti 3.500 meðlimi á síðasta ári. Hafa liðsmenn annaðhvort lýst yfir ábyrgð á eða verið sakaðir um rúmlega 60 hryðjuverkaárásir frá ársbyrjun 2018. thorgnyr@frettabladid.is

Passaðu þrýstinginn - hann þarf nefnilega að vera nægur

NILFISK HÁPRÝSTIDÆLUR

Alvöru dælur sem vinna verkið á methraða. Þú færð Nilfisk hjá Rekstrarlandi í Vatnagördum og í útibúum Olís um land allt.

25-40%
AFSLÁTTUR AF
HÁPRÝSTIDÆLUM



OPÍÐ ALLA VIRKA DAGA KL. 8-17

REKSTARLAND verslun | Vatnagördum 10 | 104 Reykjavík | Söluver 515 1100 | rekstrarland.is

olís

REKSTARLAND

ALLAR TÖSKUR 25-60% AFSLÁTTUR!




LÝKUR Í DAG!

SKIPTIBÓKA

BÓNUS!

+400 kr.

Fyrir hverja skiptibók sem þú skilar inn færðu **400 krónur í bónus!** Í Pennanum Eymundsson færðu **BÓNUS** fyrir bækurnar þínar. Lokadagur skiptibókabónusar er í dag (19. ágúst).



OFTAST LÆGST!

Penninn Eymundsson er oftast með lægsta verðið á námsbókum samkvæmt verðkönnun ASÍ sem gerð var 15. ágúst 2019!*

*Penninn Eymundsson var með lægsta verðið á námsbókum, þegar einn dagstilboð samkeppnisaðila er ekki tekið með.

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4
Ísafirði - Hafnarstræti 2

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Reykjanesbæ - Krossmóa 4
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2

Álfabakka 14b, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind
Húsavík - Garðarsbraut 9

PENNINN

Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is
Vöruúrval er mismunandi eftir verzlunum. Töskutilboðið og skiptibókabónusinn gildir til og með 19. ágúst. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

Vinafundur



Davíð Stefánsson

david@frettabladid.is

Það fór vel á því að sækja í Hávamál yfirskrift fyrir formennsku Íslands í Norrænu ráðherranefndinni. Í Konungsbók Eddukvæða segir „en til góðs vinar liggja gagnvegir, þótt hann sé firr farinn“. Það er alltaf stutt – gagnvegur – til góðs vinar.

Í vikunni sækja góðir vinir Ísland heim. Forsætisráðherrar Norðurlandanna og Angela Merkel, kanslari Þýskalands, funda hér í boði Katrínar Jakobsdóttur forsætisráðherra. Með á fundum verða leiðtogar Álandseyja og Grænlands.

Leiðtogarnir ætla að fjalla um nýja framtíðarsýn fyrir norræna samvinnu, umhverfismál, stöðu mannréttinda, norðurslóðir og öryggismál. Sérstaklega er horft til aukins samstarfs Norðurlanda og Þýskalands.

Norrænt samstarf er okkur mikilvægt. Við getum nánast óhindrað fært okkur á milli landa, til náms, starfa eða atvinnureksturs. Þjóðirnar eru auðsúgestir hver hjá annarri. Það sést á þeim 30 þúsund Íslendingum sem búa á Norðurlöndum og tæpum tvö þúsund Norðurlandabúum sem búa hér.

Samstarfið nær inn í nánast öll svið mannlífsins hér. Það hefur staðið svo lengi og svo mikill árangur náðst, að við erum jafnvel hætt að taka eftir því. En samvinna norrænna þjóða er ekki sjálfgefin. Hún er niðurstaða sameiginlegra ákvarðana þjóðanna um náð samtala, virðingu og vináttu.

Þetta samstarf frændþjóðanna sést í starfsemi Norðurlandaráðs, sem er þingmannavettvangur í norrænu samstarfi. Það sést einnig í starfi Norrænu ráðherranefndarinnar, samstarfsvettvangs norrænu ríkisstjórnanna. Í öllum ríkjunum eru rekjar samnorrænar upplýsingaskrifstofur, vinnumiðlanir og þjónustur, til að mynda um norrænar rannsóknir.

Samstarfið byggir á sögulegum og menningarlegum tengslum þar sem við deilum grunngildum og hagsmunum. Norðurlöndin eru svæði mikils efnahagsstyrks og ríks félagsaðs þar sem allir eiga rétt á að njóta sín. Við sjáum ekki andstæður í öflugri velferð og þróttmiklu atvinnulífi. Við trúum því að brýr séu betri en múrar, að fjölbreytileiki sé styrkur en ekki vanmáttur, og að jafnrétti sé ekki bara réttlætismál heldur afbrigðis efnahagsstefna. Við eflum nýsköpun til ábata fyrir náttúru og kröftugt athafnalíf. Við stöndum vörð um lýðræði, réttarríki og mannréttindi.

En gagnvegir okkar liggja ekki bara inn á við heldur líka út í heim. Þótt norrænu ríkin teljast smá á heimsmæliskvarða hafa þau gott alþjóðlegt orðspor. Saman hafa Norðurlönd lagt sitt af mörkum til alþjóðasamstarfs í þágu friðar, öryggis og umhverfisverndar.

Þýskaland er vinaþjóð. Það er því sérstök ástæða til að fagna komu Angelu Merkel kanslara. Norðurlöndin eiga að vinna þétt með Þýskalandi til að takast á við áskoranir óróa tíma á alþjóðavettvangi. Það á ekki síst við um varnar- og öryggismál. Saman geta ríkin veitt viðspyrnu þegar sótt er að alþjóðalögum og viðskiptafrelsi. Sterk grunngildi þjóðanna eiga erindi nú þegar öfga- og einangrunaröflum vex ásmegin og litid er gert úr grundvallarreglum lýðræðis og réttarríkis.



Þýskaland er vinaþjóð. Það er því sérstök ástæða til að fagna komu Angelu Merkel kanslara. Norðurlöndin eiga að vinna þétt með Þýskalandi til að takast á við áskoranir óróa tíma á alþjóðavettvangi.

Halldór



Frá degi til dags

Kulnuð bændastétt
Bíódomur Bændablaðsins um Hérað Gríms Hákonarsonar vekur athygli. Myndin fjallar um baráttu skuldsettra bænda gegn spilltu kaupfélagi en greinarhöfundur beinir kastljósi að undirtóninum; hinu daglega brauðstriti bændastéttarinnar. Vinnutíminn er langur í sveitinni, launin lág og fritími litill. Réttilega er bent á hvornig þetta samrýmist nútíma viðhorfum um núvítund og kulnun. Með þrotlausri vinnu rekast menn á vegg. Hvort sem það er skrifstofumaður í 101 eða fjárbóndi í afskekktum dal. Fyrir þéttbýlisfólk er auðveldara að sækja sér aðstoð, bæði sálfræðiaðstoð og fri. En hvað gerir bóndinn? Kveikir á kerti og stundar jóga?

Fleiri aðstoðarmenn
Launakjör aðstoðarmanns borgarstjóra vekja athygli. Er miðað við að 19,3 milljóna heildarlaun á ári séu á pari við aðstoðarmann forsætisráðherra. Meirihlutinn er mjög sáttur. „Full þörf er á því að borgarstjóri hafi aðstoðarmann enda hefur það embætti verið við lýði í aldarfjórðung. Frekar ætti að vekja máls á því að borgarstjóri sé áfram með einn aðstoðarmann á meðan ráðherrar hafa fengið heimild til að ráða tvo og þrjá,“ segir í bókun meirihlutans. Spurning hvort það sé ekki bara tímaspursmál hvenær þeim fjölga. kristinnhaukur@frettabladid.is arib@frettabladid.is

Opinber hádegisverður



Hildur Björnsdóttir
Borgarfulltrúi
Sjálfstæðisflokksins í
Reykjavík

Ítrekað og endurtekið berast fregnir af rekstrarvanda í miðborg. Rótgrónir og vel sóttir matsölu staðir leggja upp laupana. Róðurinn er þungur fyrir litil og meðalstór fyrirtæki. Rekstrarumhverfi miðborgar er þungt – og stjórnsýsla borgarinnar torveld. Vissulega er umhverfi verslunar síbreytilegt. Með aukinni netverslun á hefðbundin verslun undir högg að sækja. Það er alþjóðleg þróun og sannarlega ekki séríslenskt fyrirbæri. Þegar auðum verslunarrýmum fjölga í borgum heims leggja borgaryfirvöld Reykjavíkur áherslu á fjölgun nýrra rýma. Kvæðir eru lagðar á húsbýggjendur um verslunarhúsnæði á jarðhæðum nýbygginga. Fleiri þúsundir nýrra verslunarfermetra finnast nú í miðborg – í fullkomnu ósamræmi við hina alþjóðlegu þróun. Framboð er langt umfram eftirspurn. Rekstraraðilar færa sig milli rýma og eftir stendur sundurliðið verslunarumhverfi.

Gatnaframkvæmdir standa yfir í miðborg. Flestir skilja nauðsyn framkvæmdanna – en þegar aðkomu verslana og veitingastaða er raskað er nauðsyn að eiga í samtali við rekstraraðila. Þess hefur ekki verið gætt og margir orðið fyrir verulegu tjóni. Málið sýnir skilingsleysi og hroka borgaryfirvalda gagnvart rekstraraðilum miðborgar. Samráð í tilkynningaformi án fyrirvara og samtals er engum til framdráttar.

Borgaryfirvöld mættu vera atvinnulífi vinveittari. Síhækkandi fasteignaskattar, svífasein stjórnsýsla og samráðsleysi hafa reynst litlum og meðalstórum fyrirtækjum óþægur ljár í þúfu. Það er tímabært að bregðast við.

Í miðborg Reykjavíkur er fjöldi opinberra stofnana. Mörg hundruð opinberir starfsmenn snæða opinberan hádegisverð í opinberum mótuneytum dag hvern. Væri kannski ráð að draga saman seglin, loka hinum opinberu mótuneytum og styðja fremur við einkaframtak í nærumhverfi? Það mætti útfæra án tjóns fyrir starfsfólk – en með miklum ágóða fyrir þá dugmiklu aðila sem nú stunda rekstur í miðborg. Hér gæti Ráðhús Reykjavíkur gengið á undan með góðu fordæmi. Ekki veitir af í óvinveittu rekstrarumhverfi sem kallar á viðbrögð.



Samráð í tilkynningaformi án fyrirvara og samtals er engum til framdráttar.

Ný uppskera!

298 kr./1 kg

398 kr./400 g

SFG Íslenskar Kartöflur
Rauðar eða gullauga, 1 kg

OS Smjör
400 g

BONUS

EKKERT BRUÐL

Úti á landi

Í DAG

Guðmundur Steingrímsson



Fyrir einhverjum dögum rak ég augun í frétt um að nú stefndi í að 80% landsmanna byggju á Stór-Reykjavíkursvæðinu. Samþjöppun íbúa á einu horni landsins er auðvitað þróun sem hefur átt sér stað yfir allnokkurt árabíl, en þetta vakti mig til umhugsunar. Þessi tala. Áttatíu prósent. Hún er ný. Um langt skeið hef ég vanist því að segja við forvitna útlendinga að Ísland sé þannig ríki, að um 70% landsmanna búi í Reykjavík og nágrenni. Nú er semsagt búið að uppfæra. Talan er orðin áttatíu. Áttatíu er ansi nálægt níutíu. Og níutíu er næstum því hundrad. Kannski endar þetta með því, eins og maðurinn sagði, að hundrad og tuttugu prósent landsmanna búi í Reykjavík.

Spurningin blasir við: Er landsbyggðin að deyja? Eru allir að yfirgefa svæðið? Bara gnauðandi vindur eftir? Hundgá í fjarska. Gamalt föðurland á snúru. Slitinn fani við hún. Gráveðraður forn ruggustóll á fúnum palli við sprunginn glugga í húsi við fjörð. Svarthvítar myndir á vegg. Ryðguð róla úti í garði.

Ég skal ekki segja. Þrátt fyrir sérstaka byggðastefnu, Byggðastofnun og alls konar úrræði og aðgerðir í gegnum tíðina tala tölurnar sínu máli. Fólk greinilega fer.

Staðan greind

Þetta þarf að greina með opnum huga. Naflaskoðunar er þörf. Sérstaklega þykir mér þessi þróun áhugaverð í ljósi þess að í samfélaginu hafa tvær mjög stórar byltingar átt sér stað sem ættu að hafa komið landsbyggðinni mjög til góða. Ferðaþjónusta og internetið. Hvort tveggja hefur falið í sér breytingar sem ættu að gera það að verkum að auðveldara væri að búa úti á landi. Hægt er að tengjast heiminum hvar sem er, og ferðaþjónustan er ekki síður — eiginlega meira — úti á landsbyggðinni. Hvers vegna hefur þetta tvennt ekki haft þau áhrif að fólk vilji búa úti á landi?

Úti á landi er víða fagurt. Ró. Ódýrari fasteignir. Minna vesen. Hvað er þá málið? Til þess að greina svona stöðu er oft ágætt að skoða sjálfan sig. Ástæður þess að ég bý ekki úti á landi gætu farið langt með að svara spurningunni um það hvers vegna annað fólk vill það ekki heldur.

Sess landsbyggðar

Á Ísland hefur hefur í gegnum tíðina verið alltof mikill rígur milli landsbyggðar og höfuðborgar. Sífelldar fingrabendingar í báðar áttir einkenna orðræðuna. Ég hef aldrei fundið mig í þessu. Í mínum huga væri ömurlegt að búa í Reykjavík ef ekki væri landsbyggð, og á landsbyggðinni væri ömurlegt að búa ef ekki væri Reykjavík. Hvort þarfnast hins. Ég held að velflestir Íslendingar, þótt þeir kjósi að búa á höfuðborgarsvæðinu, sæki sér kraft og næringu til alls konar staða úti á landi. Fólk er utan af landi. Það á ættir að rekja þangað. Það á sér staði. Ég sæki mína andans ró til Borgarfjarðar. Upplifi mig líka svolitíð sem Laugvetning. Konan mín er Hólmari. En við búum í Vesturbænum.

Mér finnst þess vegna nokkuð augljóst að þó svo þróunin sé bara á einn veg, út frá búsetu fólks, að

þá hefur landsbyggðin sterkan sess. Kannski er verkefnið, hins vegar, við að viðhalda byggð í landinu svona erfitt einmitt vegna þess hvaða sess landsbyggðin skipar. Hún er orðin að einhvers konar jógapalli. Hún er svæði til að hverfa til. En svo býr maður þar sem lífið er og vesenið.

Ýmsir neikvæðir þættir

Ástæða þess að maður býr ekki úti á landi er semsagt ekki sú að

manni finnst ógeðslegt þar. Þvert á móti. Það er æðislegt þar. Að því sögðu held ég að það sé þó mikilvægt að skoða líka ýmsa neikvæða þætti sem hafa í gegnum tíðina einkennt búsetu á landsbyggðinni að einhverju marki, og spyrja hvort þeir séu líka rót vandans. Hér eru nokkar hugleiðingar: Getur verið að of mikil nálægð við annað fólk leiði til þess að fólk finnst það búa við þrúgandi hnýsni? Er alltaf einhver úti í glugga að fylgjast með

þér? Er of erfitt að vera öðruvísi? Er hægt að vera sósíalisti í sjallabyggð? Er of lítið að gerast? Ekkert bíó. Ekkert leikhús. Ekkert sport. Eru of margir óvinir úti á landi? Er rígurinn óbærilegur? Það er óneitanlega merkilegt — og um þetta hyggst ég gera sjónvarpsþáttaröð einhvern tímann — að heimsækja heilu firðina á Íslandi og komast að því að bændurnir sem búa þar, kannski bara tveir, tala ekki saman út af rötgróinni heift. Þetta hefur

örugglega einhver áhrif á fólk.

Hver nennir leiðindum til lengdar? Sjálfsgagt skiptir líka máli að skoða hvernig peningum til landsbyggðar er varið. Sextán milljarðar fara á ári í tiltekna afmarkaða matvælaframleiðslu. Væri kannski betra að verja þeim peningum til menningar og lista og til uppbyggingar á félagslegum innviðum?

Nei, ég segi svona. Þetta skrifa ég í Grundarfirði, svo það sé sagt. Mjög fallet þar.

HONDA

RAFMAGNAÐIR
AKSTURSEIGINLEIKAR
CR-V HYBRID

OPIÐ LAUGARDAGA
MILLI KL. 12:00 OG 16:00

Bernhard - Honda á Íslandi

Vatnagördum 24
104 Reykjavík
Sími 520 1100
www.honda.is

Umboðsaðilar:

Bílver
Innesvegi 1
Akranesi
Sími 431 1985

Höldur
Þórsstíg 2
Akureyri
Sími 461 6020

Bragginn
Flötum 20
Vestmannaeyjum
Sími 481 1535



HONDA

SUMARÚTSALA

LÝKUR NÚNA UM



25% AFSLÁTTUR
Deka Projekt 10 innimálning,
9 lítrar (stofn A)
5.393
Áður kr. 7.190



25% AFSLÁTTUR
DEKAPRO útimálning, 10 lítrar
6.743
Áður kr. 8.990

30% AFSLÁTTUR



Landora tréolja
Col-51903 3 lítrar
1.743
Áður kr. 2.490

gærðslanga með
tengjum
2.093
Áður kr. 2.790

25% AFSLÁTTUR

Malarhrifa
2.236
Áður kr. 2.795



20% AFSLÁTTUR
Gráðukúttisagur
210 mm 1400W **15.192** Áður kr. 18.990
254 mm 1600W **23.996** Áður kr. 29.995
305 mm 1600W **36.392** Áður kr. 45.490



20% AFSLÁTTUR
Drive-HM-140 1600W -
14cm hræripinni
2 hraðar
19.542
Áður kr. 22.990

20% AFSLÁTTUR



Rafmagnshitablasari
2Kw 1 fasa
5.592 kr.
Áður 6.990 kr.



20% AFSLÁTTUR
Drive Bílskurs
vatns/ryksuga
1200W 20lit
7.996 kr.
Áður 9.995 kr.



25% AFSLÁTTUR
Deka Pro þakmálning rauð 10 lítrar
7.493
Áður kr. 9.990



30% AFSLÁTTUR
LuTool fjölnota sög
/hjakkæki/juðari. 300W.
4.893
Áður kr. 6.990

15% AFSLÁTTUR



20% AFSLÁTTUR
LuTool handsög fyrir stein, við
og járn. Hægt að tengja við ryksugu,
hægt að fá með sagmáti. 600W.
11.192
Áður kr. 13.990

20% AFSLÁTTUR



Kapalkefli 3FG1,
5 10 mtr
2.312
Áður kr. 2.890



Lokað slönguhjól
20m 1/2"
8.977
Áður kr. 11.995



20% AFSLÁTTUR
Meistar
upptínslutól
/plokkari
1.352
Áður kr. 1.690



25% AFSLÁTTUR
Creative
Superseal
5 lítrar **8.993**
Áður kr. 11.990
25L **19.793** kr.
Áður kr. 26.390

DEKA SÍLAN vatnsfæla 5 lítrar
7.032
Áður kr. 8.790



20% AFSLÁTTUR

PRETUL úðadæla
5 l. Trup 24685
2.312
Áður kr. 2.890



25% AFSLÁTTUR
Truper sleggja
m. fiberskafti 3,6kg
2.872
Áður kr. 3.590

20% AFSLÁTTUR



20% AFSLÁTTUR
Bíla & gluggaþvottakústur,
gegn um rennandi
116>180cm, hraðtengi
með lokun
2.018
Áður kr. 2.690

25% AFSLÁTTUR

35% AFSLÁTTUR
Sterkir Cibon
strákústar
45cm **907** Áður kr. 1.395
60cm **1.232** Áður kr. 1.895



Steypugljái
á stéttina
- þessi sem
endist



50% AFSLÁTTUR
MARGAR STÆRÐIR

Takkamotta
610x810cm
1.795 kr.
Áður 3.590 kr.



25% AFSLÁTTUR
Bio Kleen
Pallahreinsir
1 líter **672** Áður kr. 895
5L **2.243** kr. Áður kr. 2.990

Reykjavík	Kletthálsi 7.	Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-16
Hafnarfjörður	Selhellu 6.	Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-16
Reykjanesbær	Fuglavík 18.	Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-14
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is		



Í MÚRBÚÐINI HELGINA!



**20%
AFSLÁTTUR**

Álþrappa 3 þrep
3.592
Áður kr. 4.490



**20%
AFSLÁTTUR**

LLA-308
PRO álstigi 3x8 þrep
2,27-5,05 m
16.712
Áður kr. 20.890

**10-50%
AFSLÁTTUR**

**25%
AFSLÁTTUR**



Kaliber
PREMIUM GRILL

27.885
Áður kr. 42.900

**Kaliber
Black II
gasgrill**
3 brennarar (9kW).
Grillflötur 60x42cm

**35%
AFSLÁTTUR**



**35%
AFSLÁTTUR**

37.635
Áður kr. 57.900

**Kaliber
Silver
gasgrill**
4 brennarar, (12kW)
Grillflötur 62x41cm



**30%
AFSLÁTTUR**

22.493
Áður kr. 29.990
**Lavor Vertico 20
háþrýstidæla**

Orka: 2100W- 230V-50Hz
Hámarksþrýstingur:
140 bör Max
Vatnsflæði: 400 L/klst. Max

31.430
Áður kr. 44.900

MOWER CJ18

BS 3,5hp Briggs&Stratton
mótor, rúmtak 125 CC,
skurðarvidd 46cm/18".
Safnpoki að aftan 60 L,
skurðhæð og staða 25-
80mm/10



25 stk. 110 lítra ruslapokar **796**
Áður kr. 995
Einnig 200 lítra 10 stk. kr. **716** (65my)
Áður kr. 895

**20%
AFSLÁTTUR**

Skolvaskur
vegghengdur
1mm 55x45x21cm

10.392
Áður 12.990 kr.



**MIKID ÚRVAL
AF PARKETI OG
FLISUM MED
20-30%
AFSLÆTTI**

Flisar
Gólf- og veggflisar
verð frá 950 kr./m²

Harðparket
8mm verð frá **1.183** kr/m² (AC4)
12mm verð frá **1.868** kr/m² (AC5)

Wineo Víniparket
Verð frá **4.392** kr/m²

CERAVID



**20%
AFSLÁTTUR**

**Þýsk
gæði**

CERAVID SETT WC - kassi,
hnappur og hæglokandi seta.
Þýsk gæðavara
31.112
Áður kr. 38.890

**30%
AFSLÁTTUR**

Guoren 1L Hitastýrt
baðtæki standard
11.893 kr.
Áður **16.990** kr.

**20%
AFSLÁTTUR**

Guoren-BO Hitastýrt
baðtæki með niðurstút
10.392 kr.
Áður **12.990** kr.



Riga salerni með setu
m/ vegg- eða gólfstút
19.192
Áður kr. 23.990

**20%
AFSLÁTTUR**



**20%
AFSLÁTTUR**

BoZZ sturtuklefi
rúnaður m/stöng,
blöndunartækjum
og brúsu
80x80x200 **43.992**
Áður kr. 54.990
90x90x200 **47.992**
Áður kr. 59.990

BoZZ sturtuklefi
ferkantaður m/stöng,
blöndunartækjum og
brúsu
80x80x200 **43.992**
Áður kr. 54.990
90x90x200 **47.992**
Áður kr. 59.990

**20%
AFSLÁTTUR**



Fyrirvari um prentvillur. Tilboðin gilda í öllum verslunum
Múrbúðarinnar til 24. ágúst eða meðan birgðir endast.

MÚRBÚÐIN

Gott verð fyrir alla, alltaf!

Finninn skoraði fyrstu þrennu tímabilsins

Teemu Pukki er að spila á sínu fyrsta keppnis-tímabili í ensku úrvalsdeildinni í knattspyrnu karla. Þessi tæplega þrítugi framherji Norwich City hefur skorað fjögur mörk í fyrstu tveimur leikjum deildarinnar. Finninn skoraði öll mörk nýliðanna í 3-1 sigri gegn Newcastle um helgina.

ENSKI BOLTINN Finnski landsliðs-framherjinn Teemu Pukki sem leiðir linuna hjá Norwich City hefur komið af miklum krafti inn í ensku úrvalsdeildina í knattspyrnu karla en hann skoraði sárabótamark í tapi nýliðanna gegn Liverpool í fyrstu umferðinni og skoraði svo öll þrjú mörk liðsins í 3-1 sigri gegn Newcastle United í annarri umferðinni um helgina.

Þessi þrenna var fyrsta þrenna leikmanns Norwich City í ensku úrvalsdeildinni í 26 ár eða síðan Chris Sutton skoraði þrjú mörk fyrir liðið í leik í deildinni árið 1993.

Pukki skoraði 29 mörk í ensku B-deildinni á síðustu leiktíð og var markahæsti leikmaður Norwich City sem fór með sigur af hólmi í deildinni og tryggði sér þannig sæti í úrvalsdeildinni. Það er ávallt spurningarmarki þegar framherjar láta til sín taka í B-deildinni á Englandi hvort þeir geti látið til sín taka þegar út í úrvalsdeildina er komið.

Sevilla var of stórt stökk fyrir finnska framherjann

Byrjunin lofar allavega góðu hjá Pukki sem ólst upp hjá finnska liðinu KTP og náði svo ekki að brjóta sér leið inn hjá spænska liðinu Sevilla.

Eftir vonbrigðatímamann hjá Sevilla fór Pukki aftur í heimahagana og kom ferli sínum aftur af stað hjá finnska liðinu HJK. Þar urðu Pukki og félagar hans hjá HJK finnskir meistara árið 2010. Tímabilið eftir varð HJK svo tvöfaldur meistari með Pukki innanborðs.

Pukki skoraði þrjú mörk í tveimur leikjum HJK gegn þýska liðinu Schalke 04 í forkeppni Evrópu-deildarinnar sumarið 2011.

Þó svo að þau mörk hafi ekki skilað HJK sæti í riðlakeppni Evrópu-deildarinnar þá vakti frammi-staða Finnans athygli forráðamanna þýska liðsins sem ákváðu að kaupa hann. Pukki stóð sig ágætlega hjá Schalke en það sama er ekki hægt að segja um veru hans hjá Celtic í Skotlandi.



HETJA HELGARINNAR

●● Þetta er að sjálfsgöðu einn af bestu leikjum sem ég hef spilað á enskri grundu. Þrenna í ensku úrvalsdeildinni er eitthvað sem mig hefði ekki getað dreymt um fyrir nokkrum árum.

Teemu Pukki

Eftir leikinn gegn Newcastle United um nýliðna helgi

Teemu Pukki

Teemu Pukki skaust upp á stjörnuhimininn þegar hann sló í gegn með Norwich City í ensku B-deildinni á síðustu leiktíð. Honum hefur tekist að fylgja eftir góðu gengi sínu þar í ensku úrvalsdeildinni í upphafi þessarar leiktíðar.

●● Það eru ekki bara mörkin sem hann skoraði í þessum leik sem ég er ánægður með heldur líka vinnuframlag hans og fjölmargir aðrir hlutir sem hann færir liðinu. Hann er mjög góður í að búa til færi fyrir samherja sína og er góður tengipunktur í uppspili okkar.

Daniel Farke

Knattspyrnustjóri Norwich

29

mörk skoraði Pukki í ensku B-deildinni á síðasta tímabili og hefur skorað fjögur í ensku A-deildinni.

Tíminn í Skotlandi reyndist töluverð vonbrigði

Finninn komst aldrei á flug í Skotlandi en hann viðurkenndi það eftir dvöl sína þar að hann hefði vanmetið styrki skosku úrvalsdeildarinnar. Hann hafði talið sig eiga auðvelt með að láta til sín taka í Skotlandi og fengið það í andlitið. Gæði skosku deildarinnar hefðu komið honum á óvart og að sama skapi hafði leikstillinn þar sem byggir á líkamlegum styrk ekki hentað honum.

Pukki gerði hins vegar KR-ingum lífið leitt en Pukki en hann skoraði tvö marka Celtic þegar liðið lagði Vesturbæjarliðið að velli með fjórum mörkum gegn engu í leik liðanna Murrayfield Stadium. Sá leikur var seinni leikurinn í forkeppni Meistaradeildar Evrópu þar sem Celtic fór samanlagt 5-0 áfram. Pukki náði ekki að fylgja þessari frammistöðu eftir og hrökklaðist frá skoska liðinu haustið 2014 eftir að hafa orðið skoskur meistari með liðinu um vorið fyrr á því ári.

Áður en Pukki hélt til Englands lék hann með danska liðinu Brøndby í fjögur ár og skoraði 55 mörk í 130 leikjum fyrir félagið. Pukki skoraði fjögur mörk í fyrstu fimm leikjum sínum fyrir Brøndby og var valinn leikmaður októbermánuðar í dönsku úrvalsdeildinni. Þau níu mörk sem hann skoraði á seinni hluta leiktíðarinnar í dönsku úrvalsdeildinni dugðu honum til þess að verða markahæsti leikmaður liðsins á þeirri leiktíð. Þá varð Brøndby bikarmeistari tímabilið 2017 til 2018.

Smellpassar inn í leikstil Farke

Eftir fjögurra ára veru hjá Brøndby sigldu samningaviðræður hans við Brøndby í strand sumarið 2018 og Norwich City fékk Pukki sem var samningslaus í herbúðir sínar. Pukki smellpassaði inn í hugmyndafræði þýska knattspyrnustjórans Daniel Farke sem vill spila sóknarþenkjandi knattspyrnu. Þegar Pukki skoraði sitt 21. mark fyrir Norwich City í B-deildinni í febrúar síðastliðnum varð hann sá Finni sem hefur skorað flest mörk í deildinni en fyrra metið átti Shefki Kuqi.

Pukki endaði sem markahæsti leikmaður deildarinnar með 29 mörk og sú markaskorun varð til þess að hann var valinn besti leikmaður deildarinnar sem og mikilvægasti leikmaður Norwich City. Hann viðurkenndi í samtali við enska fjölmiðla eftir leikinn á laugardaginn að byrjunin væri framar hans væntingum.

„Þetta er að sjálfsgöðu einn af bestu leikjum sem ég hef spilað á enskri grundu. Þrenna í ensku úrvalsdeildinni er eitthvað sem mig hefði ekki dreymt um fyrir nokkrum árum,“ sagði Pukki þegar hann ræddi við fjölmiðla eftir leikinn um helgina.

Nú er spurning hvort að Pukki nái að fylgja eftir góðri frammistöðu sinni í fyrstu tveimur leikjum sínum í ensku úrvalsdeildinni og mörk hans verði til þess að Norwich City haldi sæti sínu í deildinni. hjorvaro@frettabladid.is



MÁNUDAGUR 19. ÁGÚST 2019

Lífsstíll



Vala tekur lífinu yfirleitt með ró. Hún ætlar þó að hlaupa í Reykjavíkumaraþoninu til að styrkja Votlendissjóð. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Vinnufíkill með marga bolta á lofti

Leikkonan Vala Kristín Eiríksdóttir hefur vakið athygli með grínþáttum og fyrir leik sinn í Borgarleikhúsinu og hún verður einn af af handritshöfundum Áramótaskaupsins. Hún segist spennt fyrir verkefninu, en líka stressuð. ➔2

HVER VANN?

Sportið á frettabladid.is færir þér allar nýjustu fréttirnar úr heimi íþróttanna.



Framhald af forsiðu →

Oddur Freyr Þorsteinsson

oddurfreyr@frettabladid.is



Vala Kristín Eiríksdóttir hefur vakið mikla athygli þrátt fyrir fremur stuttan feril. Hún er á fullu í alls kyns verkefnum um þessar mundir, fyrst og fremst í Borgarleikhúsinu, en hún var líka ráðin sem einn af höfundum Áramótaskaupsins í ár.

Vala vissi mjög snemma að hún ætlaði að feta leiklistarbrautina. „Mér fannst það mjög spennandi alveg frá því ég var þéð,“ segir hún. „Krakkar eru náttúrulega oft að setja upp sýningar og svona og þannig kviknaði áhuginn hjá mér mjög snemma.“

Ég vissi í rauninni ekki að þetta væri eitthvað sem fólk gerði, að það væri bara leið í gegnum menntakerfið inn í leiklistina,“ segir Vala. „Mér fannst leikarar svo ótrúlega merkilegir, næstum eins og þau væru útvalin af guði. En svo var bara hægt að læra þetta. Þannig að ég fór í leiklistarnám í Listaháskólanum.“

Ætluðu ekki að gera grín

Á meðan Vala var í námi stofnuðu þær Júlíana Sara Gunnarsdóttir gríntvívíki og gerðu tvær þáttaraðir af grínþáttunum Þær tvær. „Það var alltaf svo gaman hjá okkur og við áttum svo auðvelt með að fá hvor aðra til að hlæja,“ segir Vala. „Þetta byrjaði með svona „við verðum að gera eitthvað saman“ spjalli sem maður á við svo marga, en svo bara gerðum við það.“

Hún segir að þær hafi ekki farið af stað með þá áætlun að gera eitthvað fyndið. „Grín verður bara til sem afleiðing af því að reyna að gera eitthvað. Það verður kannski fyndið, eða ekki,“ segir hún. „Þetta var bara aðgengilegt því við vorum alltaf að láta hvor aðra hlæja og þar afleiðandi vildum við gera meira af því. En það er ekki auðvelt og ég held að það sé eitt æðsta listformið að fá fólk til að hlæja.“

Vala og Júlíana starfa enn saman í þáttunum Venjulegt fólk, en þær eru höfundar og leika aðalhlutverkin. „Það má segja að það sé svona næsta skref hjá okkur. Það eru ekki sketsar heldur er saga, höfundum fjölgaði og búbban okkar stækkaði,“ segir Vala. „Þetta er svona kómísk dramasaga og í annarri þáttaröð, sem kemur inn á Sjónvarp Símans núna í október, verður farið meira inn á persónulegt líf þeirra vinkvenna, en fyrsta



Það verður nóg að gera hjá Völu í haust. Hún verður á fullu í Borgarleikhúsinu, kennir í LHÍ, skrifar Skaupið og önnur þáttaröð af Venjulegt fólk verður frumsýnd. Svo ætlar hún að hlaupa í maraþoninu. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

serían var meira um starfsferilinn.“

Gaman að sleppa sér

Vala er að hefja fimmta leikárið hjá Borgarleikhúsinu, en hana dreymdi lengi um að starfa þar. „Já, heldur betur, það er aðalstaðurinn,“ segir hún. „Raunveruleikinn er samt kannski ekki alveg eins og draumurinn. Auðvitað er þetta mjög skemmtilegt og fjölbreytt en þetta er náttúrulega líka hörkupúl. Þetta er jafn mikið púl og þetta er gaman.“

Erfiðisvinnan hefur greinilega skilað sér, því Vala hefur fengið mikið lof fyrir leik sinn og fékk Grímuvörðlaunin í sumar fyrir leik sinn í Matthildi, sem kom henni á óvart. „Mér fannst bara ótrúlega gaman að vera tilnefnd með þessum sturlað góðu leikkonum sem ég hef alltaf lítið upp til,“

segir hún. „Að fá þessi vörðlaun var ógeðslega skemmtilegt og brjálaður heiður. Litla 13 ára Valan inni í mér sem var alltaf að setja upp sýningar heima trúði þessu ekki og var að springa úr gleði. Mér þykir líka vænt um hlutverkið, svo það var gaman að fá hrós fyrir að leika mömmu Matthildar. Þessi sýning er ótrúlega falleg og það er einstakur hópur sem vinnur að henni.“

Vala leikur vanhæfa og freka mömmu og segir að það hafi verið gaman að geta sleppt sér í hlutverkinu. „Það er gaman að vera frekja og fullkomlega dýrka sjálfan sig þó að það sé engin inneign fyrir því,“ segir hún. „Sjálfur er maður oft með minna sjálfstraust en maður hefur kannski efni á, þannig að það er geðveikt að fá að vera þessi týpa.“



Hundurinn Óliver er nýjasti fjölskyldumeðlimurinn.

Allir hafa skoðun á Skaupinu

Vala er líka að fara að kenna spuna í LHÍ í haust, en þetta er í fyrsta sinn sem hún kennir. „Það er mjög spennandi. Mér finnst ofboðslega gaman að kenna og fara inn í gamla skólann og sjá hvort maður geti miðlað einhverju til fyrsta árs nema í leiklist,“ segir hún. „Mér þykir ótrúlega vænt um að hafa verið beðin um þetta en þetta er smá skrítið, því manni finnst svo stutt síðan maður var á fyrsta ári, þó að það séu komin 6-7 ár síðan.“

Reynir Lyngdal, leikstjóri Áramótaskaupsins, fékk Völu líka til að vera einn af handritshöfundum Skaupsins í ár. Hún segir það spennandi en um leið kvíðavaldandi verkefni. „Það er ekkert sem jafn margir horfa á og það er ótrúlega skrítið að ætla að reyna að höfða til eins margra og þú getur á sama tíma og þú ert að reyna að ögra og gera grín að því sem gerðist og pota í samfélagsmeið,“ segir hún. „Allir hafa skoðun og maður veit að einhverjir munu ekki fíla það sem maður gerir.“

Plöntur, bækur, hundur og saltfiskur

Vala býr með Birki Blæ Ingólfssyni, sem starfar sem rit- og handritshöfundur, en þau hafa bráðum verið saman í tvö ár. Vala segir að Birkir sé geðgóður, skemmtilegur og frábær félagsskapur og henni finnst gott hversu auðvelt er að ræða það sem henni liggur á hjarta varðandi vinnuna, þar sem þau vinna í mjög svipuðu umhverfi. „Við búum líka með hundinum Óliver, sem er fimm mánaða gamall smáhundur. Pínulítill og ýkt krúttlegur,“ segir Vala. „Okkur líður rosalega vel. Við erum mikið í að rækta plöntur og það er allt fullt

af plöntum heima hjá okkur. Birkir er með plöntuæði, sem ég átti erfitt með fyrst, því ég var að reyna að hafa svona Pinterest-heimili. En það gekk illa og svo enn verr þegar hann fyllti allt með plöntum og bókum.“

Svo erum við líka að gera saltfisk úr fiski sem við veiddum á Vestfjörðum,“ segir Vala. „Þetta er nokkurra vikna ferli og Birkir hefur staðið í að salta og umstafla þessu.“

Hefur mikinn áhuga á umhverfisvernd

Vala segir að þetta sé vinnufiklaheimili og að hún eigi ekki mikið af áhugamálum. „Ég fer í sund og ræktina, horfi á þætti, fer í matarboð og ferðast,“ segir hún. „Leiklist var alltaf aðaláhugamálið mitt og ég fæ rosalega mikið út úr því að vinna við hana, þannig að mér líður ekki eins og ég þurfi að finna mér eitthvað skemmtilegt til að gera eftir vinnu. Ég er bara í rólegheitum að dúlla mér.“

Vala hefur mikinn áhuga á umhverfisvernd og ætlar að hlaupa 21 kílómetra í Reykjavíkumaraþoninu til að styrkja Votlendissjóð. Hægt er að heita á hana inni á vefnum hlaupastyrkur.is. „Þetta er ekki mjög Instagram-vænn sjóður, en hann sinnir rosalega mikilvægi hlutverki, því hann er að fylla upp í framræsta skurði sem eru ábyrgir fyrir 60% af kolefnislosun á Íslandi og endurheimta votlendi,“ segir Vala. „Að fylla upp í þessa skurði er ódýrasta, skilvirkasta og fljótlegasta leiðin til að draga úr kolefnislosun á Íslandi. Ég vil endilega benda fólki á að fara inn á votlendi.is og skoða myndbandið þar, sem útskýrir þetta vel.“

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundin ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi:

Torg ehf

Ábyrgðarmaður:

Kristín Þorsteinsdóttir

Umsjónarmenn efnis: Elin Albertsdóttir, elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | Benedikt Bóas Hinriksson, benediktboas@frettabladid.is, s. 550 5763 | Ásta Eir Arnadóttir, astaeir@frettabladid.is, s. 550 5764

Sandra Guðrún Guðmundsdóttir, sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | Sólrún Freyja Sen, solrunfreyja@frettabladid.is, s. 550 5765 | Þórdís Lilja Gunnarsdóttir, thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

Sölu menn: Arnar Magnússon, arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, Atli Bergmann, atli@frettabladid.is, s. 550 5657, Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, Jóhann Waage, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, Ruth Bergsdóttir, ruth@frettabladid.is, s. 550 5653,

EKKI
MISSA
AF ÞESSU!

ÚTSALA Á HJÓLUM OG HJÓLAVÖRUM

25-45%
AFSLÁTTUR AF VÖLDUM VÖRUM

FAXAFENI 7 · SÍMI 5 200 200 · GAP.IS

GAP

Skólar & námskeið

MÁNUDAGUR 19. ÁGÚST 2019

Kynningar: Penninn, Háskólinn í Reykjavík, Háskólinn á Akureyri, Söngskólinn í Reykjavík



Selma Rut og Þórunn Inga hjá Pennanum segja undirbúning fyrir haustið hefjast mörgum mánuðum áður. Þegar líða fer á ágúst er eftirvæntingin orðin áþreifanleg. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Okkur þykir þessi árstími alltaf jafn skemmtilegur

Nú fer haustið að ganga í garð, sólin lækkar á lofti, dagarnir styttest og huga þarf að mörgu fyrir veturinn. Þær Selma Rut Magnúsdóttir og Þórunn Inga Sigurðardóttir, vörustjórar í Pennanum Eymundsson, segja þennan tíma árs alltaf skemmtilegan og hlakka til annasamra daga. ➔2.

Selma og Þórunn segja ýmislegt breytast eftir árstíðum í verslunum Pennans. Haustin séu alltaf viðburðarík og fjörug en þá fyllast verslanirnar gjarnan af nýjum vörum, leitandi foreldrum og eftirvæntingarfullum námsmönnum. „Haustið er skemmtilegur tími, ungmenni undirbúa sig fyrir komandi skólaár, hitta vini aftur eftir sumarfrí og takast á við ýmis verkefni,“ segir Selma.

Vandlegur undirbúningur

Selma og Þórunn segja undirbúning fyrir haustið hefjast mörgum mánuðum áður og þegar líða fer á ágúst er eftirvæntingin nánast áþreifanleg. „Undirbúningur hefur staðið yfir frá áramótum og því gaman þegar loksins kemur að skólasetningum og nemendum og foreldrar þeirra heimsækja verslanir okkar,“ segir Selma. „Okkur þykir þessi árstími alltaf jafn skemmtilegur,“ bætir Þórunn við.

Breytt landslag síðastliðin tvö ár

Selma og Þórunn segja ýmislegt hafa breyst eftir að sveitarfélögin og skólarnir fóru að sjá um að kaupa megnið af ritföngum og stílabókum fyrir grunnskólanema. „Auðvitað hefur þetta landslag breyst mikið síðastliðin tvö ár því nú kaupa sveitarfélögin og skólar öll helstu ritföng og stílabækur fyrir nemendur grunnskóla,“ segir Þórunn. Ljóst er að þetta nýja landslag, sem þær nefna, er bæði viðtækt og umfangsmikið, en þetta árið hefur Penninn átt í samstarfi við fjölda sveitarfélaga og nær það til meira en 20.000 grunnskólanemenda í rúmlega 60 skólum. „Í ár unnum við með sextán sveitarfélögum sem keyptu námsgögn fyrir grunnskólanemendur sína fyrir skólaárið 2019-20. Það eru yfir 20.000 nemendur í 63 skólum,“ segir Selma.

Mikilvægt að vanda val á skólatöskum

Skólatöskurnar eru þó ekki hluti af þessu nýja landslagi og þurfa foreldrar því að gefa sér góðan tíma til þess að skoða hvað er í boði og velja vandaðar töskur sem henta barninu og auðvelda því að komast í gegnum erilsama skóladaga með óskaddað stöðkerfi. Þegar Selma og Þórunn eru spurðar að því hvað þurfi að hafa í huga við val á skólatöskum segja þær nokkur atriði skipta máli.

Taskan þurfi að styðja vel við barnið og hægt þarf að vera að stilla hana eftir þörfum hvers og eins barns. „Taskan þarf að vera með góðum stuðningi við bak, ólar þurfa að vera bólstraðar og auðvelt að stilla að þörfum og stærð barnsins,“ segir Selma. Þá segir hún sérlega gott ef að taskan hafi þveról yfir bringuna en það veitir aukinn stuðning. „Það tryggir að taskan sitji rétt á barninu,“ segir hún. Selma segir líka mikilvægt að velja rétta stærð fyrir barnið en það getur verið óþægilegt fyrir börn ef taskan er til dæmis of stór. „Of stór skólataska getur hamlað hreyfingum barnsins,“ segir Selma. Hún segir foreldra geta leitað eftir ráðgjöf í verslunum Pennans Eymundsson. „Starfsmenn okkar eru alltaf tilbúnir til að aðstoða og leiðbeina við valið,“ bætir Þórunn við.

Töskur frá Jeva og Beckmann vinsælastar

Selma og Þórunn segja Pennann Eymundsson leggja ríka áherslu á að bjóða upp á fjölbreytt úrval af vönduðum skólatöskum. „Penninn Eymundsson hefur alltaf lagt áherslu á að bjóða vandaðar skólatöskur í úrvali,“ segir Þórunn. Þá njóti danska vörumerkið Jeva og norska vörumerkið Beckmann mestra vinsælda meðal viðskiptavina. „Þessi tvö fyrirtæki eiga það

Taskan þarf að vera með góðum stuðningi við bak, ólar þurfa að vera bólstraðar og auðvelt að stilla að þörfum og stærð barnsins.

Selma Rut Magnúsdóttir

sameiginlegt að bjóða sérlega vandaðar skólatöskur og hafa þær verið okkar vinsælustu skólatöskur um árabil,“ segir hún.

Mikið úrval aðstoðarefnis

Selma og Þórunn segja að það verði sífellt vinsælla hjá foreldrum að fjárfesta í vörum sem eru sérstaklega hannaðar til þess að liðka fyrir og dýpka námsgetu og -færni barna. Mikið úrval sé af fjölbreyttum vörum sem henti fyrir flest fög, enda misjafnt milli barna hvað þurfi að leggja áherslu á. Þær nefna sem dæmi Vísindasett en þar takast börnin á við ýmsar tilraunir sem allar eiga það sameiginlegt að fræða þau um ólík náttúruöfl og -fyrirbæri. „Það verður alltaf vinsælla og vinsælla að bæta við vörum sem styður við og eykur skilning barnanna á hinum ýmsu þáttum náttúrunnar eins og til dæmis Vísindasett sem leiða barnið í gegnum ýmsar tilraunir sem tengjast geimnum, eldfjöllum og fleiru,“ segir Selma.

Hún segir enn fremur að efni sem styðji við lestrarfærni og -skilning barna sé alltaf vinsælt og að slík fjárfesting komi sér jafnvel vel fyrir aðra fjölskyldumeðlimi grunnskólabarnsins. „Léttlestrarbókum og ýmsum þrautabókum er gjarnan bætt við skólatöskukaupin og greinilegt að foreldrum er annað um að bæta við vörum sem getur aukið skilning og bætt lestrarfærni barna. Yngri systkini njóta oft líka af góðs af og fá bækur sem hjálpa til við að læra stafina,“ segir Selma.

„Mennt er máttur“ táknrænt í hugum margra

Aðrar vinsælar vörur sem þær nefna eru til dæmis gulir Pluto blýantar, UHU límstiftin og Crayola vaxlitirnir. Þá segir Selma að bláu, gamalgrönu stílabækurnar séu ekki bara vinsælar ár hvert heldur séu þær farnar að vera hálfgerður tákngevingur skólagöngu fyrir mörgum. „Bláu klassísku stílabækurnar „Mennt er máttur“ hafa verið vinsælustu skólavörurnar okkar í áráraðir og eru táknrænar fyrir skóla í hugum margra,“ segir hún.

Framhaldsskólanemendur og örvhentir ekki út undan

Selma og Þórunn segja Pennann Eymundsson að auki bjóða upp á allt það helsta sem framhaldsskólanemendur þurfa á að halda í upphafi anna. Þar sé hægt að nálgast bæði skiptibækur og nýjar bækur og mikið er lagt upp úr því að samræma vöruúrval og bókalista framhaldsskólanna.

„Skiptibækur og nýjar námsbækur eru stór hluti af undirbúningi fyrir skólann og hefur Penninn Eymundsson lagt áherslu á að eiga allar bækur sem eru á listum framhaldsskólanna,“ segir Þórunn. Þá séu þau með mikið úrval af skriffærum og öðru nauðsynlegu skóladóti sem er sérhannað fyrir örvhenta. „Það eru kannski ekki margir sem vita það en við bjóðum upp á skólavöru sem er sérstaklega hönnuð fyrir örvhenta. Þar má nefna, yddara, reglustikur, skærni og stílabækur,“ segir Selma.



Selma Rut og Þórunn Inga eru spenntar fyrir haustinu.




Í Pennanum Eymundsson er að finna allt sem þarf fyrir skólann.



Fátt er jafn lýsandi fyrir skólann og hin sigildu UHU límstifti.



Penninn Eymundsson er með mikið úrval af vönduðum skólatöskum.



Penninn er með mikið úrval vara sem eru sérhannaðar fyrir örvhenta.



Lykilstjórnendur MPM-námsins, Íris Hrund Þórarinsdóttir MPM/deildarfulltrúi, dr. Helgi Þór Ingason og dr. Haukur Ingi Jónasson. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Hagnýtt nám bygggt á bestu þekkingu

MPM-meistaránám í verkefnastjórnun hjá Háskólanum í Reykjavík er hagnýtt nám sem er bygggt á rannsóknum á því hvað einkennir góða stjórnendur.

Meistaránám í verkefnastjórnun hjá Háskólanum í Reykjavík er stjórnunar- og leiðtoganám sem býr nemendum undir að stjórna viðamiklum verkefnum, fyrirtækjum, félögum, stofnunum og teyllum.

„Við höldum því fram að MPM-námið sé stjórnendanám 21. aldarinnar,“ segir Haukur Ingi Jónasson, lektor við HR og stjórnarformaður námsins. „Þá er mikið sagt, en við getum staðið við þetta því við vöktum stöðugt hvað er að gerast á þessu sviði og tökum í raun þátt í að móta fagið á alþjóðlegum vettvangi.“

Fjórar fræðibækur í regnbogalitur

„Leiðandi fyrirtæki eins og t.d. Google, háskólar á borð við MIT, viðskiptaleiðtogar, fræðimenn og ríkisstofnanir auk fagfélaga (IPMA, APM, PMI) keppast við að skilgreina þá þekkingu og hæfni sem atvinnulíf 21. aldarinnar krefst,“ segir Haukur. „Meðal þess sem við höfum lagt í púkkid eru fjórar fræðibækur um stjórnun sem nýlega komu út í Bandaríkjunum og á Englandi. MPM-námið í HR er þannig hluti af vaxandi alþjóðlegri hreyfingu sem vill tryggja að nemendur geti notið velgengi í að móta sem breytist hratt. Við leggjum líka mikla áherslu á að nemendur hafi uppbyggileg áhrif á umhverfi sitt og geri heiminn að betri stað.“

Stöðugar breytingar eru krefjandi fyrir háskóla

„Við lítum eðlilega til eiginleika

Breytti samskiptum við aðra

Svavar G. Svavarsson, forstöðumaður verkefnastofu hjá Össuri, segir að MPM-námið hafi breytt lífi hans verulega. „Mannlega nálgunin að verkefnastjórnun opnaði augu mín, þar sem ég kom sjálfur úr tæknigeiranum,“ segir hann. „Ég græddi ýmislegt og lærði að til að vera árangursríkur í að fá fólk til að vinna fyrir þig þarftu fyrst að þekkja sjálfan þig mjög vel.“

Fyrsti hluti námsins fór í að líta inn á við og skoða sig og sín gildi og það var mjög áhugavert. Í framhaldi af því lærir maður hvernig maður nýtir þessa þekkingu til að skynja hvernig öðrum líður, hvað þau eru að eiga við og hvernig er hægt að hjálpa og að auðvelða fólk að ná fram bestu útgáfunni af sjálfu sér,“ segir Svavar. „Þetta er líka gott í daglegu lífi og hefur breytt samskiptum mínum við annað fólk heilt yfir. Maður skynjar mismunandi típur betur og nálgast fólk á mismunandi hátt.“

Svavar segir líka að það hafi verið magnað hvernig kennararnir náðu að fá 35 manna hóp með mjög ólíkan bakgrunn til að vinna saman. „Það var mjög sérstakt,“ segir Svavar. „Ég starfa líka með nokkrum einstaklingum sem hafa klárað þetta nám og þetta fólk skynjar hlutina öðruvísi og við göngum í öðruvísi takti.“

sem eru taldir best til þess fallnir að einkenna hagnýtt stjórnunarnám á meistarastigi, til dæmis að hafa vald á gagnrýninni hugsun með skapandi og síðrænum hætti, að geta leyst flókin vandamál og síðast en ekki síst að geta stýrt teyllum og starfað í teyllum,“ segir Helgi Þór Ingason, prófessor og forstöðumaður námsins. „Við setjum fræðilega þekkingu í hagnýtt samhengi, nemendur reyna hana á eigin skinni og þeir þurfa líka að sýna fram á að þeir geti beitt henni. Í dag er mjög auðvelt

að afla sér upplýsinga og menntunarkröfur stjórnenda snúast því fyrst og fremst um að geta nýtt sér upplýsingar og að geta unnið í samstarfi við aðra.

Samfélagið, efnahags- og atvinnulífið, tæknin og reyndar vistkerfið allt, þetta er háð stöðugum breytingum. Í atvinnulífinu þurfa stjórnendur stöðugt að fást við alls konar breytingar. Þetta skapar kröfur fyrir háskóla, sem eiga að búa nemendur undir að takast á við og leiða slíkar breytingar,“ segir Helgi Þór.



Menntun fyrir líf og starf

„Niðurstaða World Economic Forum í skýrslunni „New Vision for Education: Unlocking the Potential of Technology“ var að 21. öldin kalli helst á að fólk hafi læsi á texta, tölur, vísindi, upplýsingatækni, fjármál, menningu og upplýsingar sem snerta hlutverk okkar sem þegnjar í samfélaginu. Þar er líka bent á nauðsyn þess að geta beitt gagnrýninni hugsun við lausn vandamála og á mikilvægi samskipta- og samstarfsfærni,“ segir Haukur. „Hvað persónuleikann varðar þá eru eiginleikar á borð við sköpunargleði, frumkvæði, þrautseigju, aðlögunarhæfni, forvitni, leiðtogahæfni, og félags- og menningarlega meðvitund í fyrirrúmi.“

Í úttekt Partnership for 21st Century Learning (P2) sem nefnd var „Education for Life and Work: Developing Transferable Knowledge and Skills in the 21st Century“ var getan til að beita gagnrýninni hugsun við greiningu

og úrlausn vandamála, ákvarðanatöku, túlkun og rökvísi talin mikilvægasta færnin fyrir 21. öldina. Þegar kemur að þekkingu var talið mikilvægt að leggja áherslu á upplýsinga- og tæknilæsi, munnleg og skrifleg samskipti og virka hlustun,“ segir Haukur. „Svo er talin til mikilvæg persónuleg hæfni eins og forvitni, aðlögunarhæfni, samskiptafærni, síðferðisþrek, samviskusemi, skipulag og viðvarandi nám. Það skiptir líka máli að hafa jákvætt sjálfsmat og að sjálfsögðu eru líkamleg og andleg heilsa líka undirstöðuatriði.“

Google og MIT – hæfni til samskipta lykilaatriði

Helgi nefnir einnig verkefni hjá Google sem gekk út á að finna lykileiginleika góðra stjórnenda, en þar snýst allt um getu til að stýra verkefnateyllum. Hann segir að niðurstaðan hafi verið að leiðtogar þyrftu að vera hvetjandi, en ekki með nefið í hvers manns koppi, hafa næmi fyrir vellíðan samstarfsfólks, vera árangursdrifnir, hafa skýra sýn og stefnu og geta sett sig inn í tæknileg viðfangsefni. „Leiðtogi á líka að vera góður í samskiptum, þannig að hann hlusti og deili upplýsingum af skilvirkni og hjálpi starfsfólki að þroskast faglega,“ segir Helgi.

„Vísindamenn við MIT telja hæfnisþætti 21. aldar einkum snúa að leikgleði, ábyrgð, sjálfstæði í vinnubrögðum, getu til að vinna að mörgum verkum samhliða og í samstarfi við aðra, hafa samkennd og góða dómgreind, og getu til að skilja fjölbreytileika og vinna með fjölbættrar upplýsingar,“ bætir Helgi við.

„Allar þessar niðurstöður móta grunninn sem MPM-námið hjá HR byggir á og við sjáum að atvinnulífið kann vel að meta okkar fólk,“ segir Haukur. „Við fylgjumst með því sem best er vitað og talið er eftirsóknarverð hæfni fyrir framtíðina og mótum námið eftir því. Námið sinnir öllum þessum þáttum mjög vel og undirbýr nemendur þannig undir stjórnunarskörf á 21. öld.“

Nánari upplýsingar um MPM-námið má finna á hr.is/mpm

Kynna nýtt námsefni í opnu húsi hjá Menntamálastofnun

Menntamálastofnun tók til starfa árið 2015. Stofnunin annast verkefni sem áður voru á hendi Námsgagnastofnunar, Námsmatsstofnunar og mennta- og menningar- málaráðuneytis. Opið hús verður í dag að Víkurhvarfi 3.

Menntamálastofnun er með opið hús nokkrum sinnum á ári. Opið hús í byrjun skólaárs er nýjung, en markmiðið er að ná til kennara og annarra áhugasamra og kynna námsefni sem komið hefur út á síðastliðnu ári.

„Áðsókn að viðburðum hjá okkur er oftast nær góð, undanfarin ár höfum við haldið „útgáfudag“ tvisvar ári þar sem allra nýjasta efnið er kynnt. Þeir viðburðir hafa mælst vel fyrir og áðsókn verið góð. Þá er starfsfólk Menntamálastofnunar til skrafs og ráðagerða og kennarar geta fengið góð ráð um notkun nýs náms- efnis,“ segir Erling Ragnar Erlingsson sviðsstjóri.

„Á sýningunni munum við leggja áherslu á efni sem komið hefur út síðastliðið ár og þá munu ritstjórnar stofnunarinnar verða með örnámskeið um nýtt efni og hvaða hugmyndafræði liggur að baki. Af mörgu er að taka hvað nýtt efni varðar. Má þar t.d. nefna námsefni í íslensku, stærðfræði, dönsku, samfélagsfræði, myndlist, náttúrufræði, ritun og síðast en síst þá erum við stolt af samstarfi okkar við Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og

heyrnarskertra um útgáfu á efni á táknmáli, sem er nýmæli og í raun einsdæmi í heiminum eftir því sem við komumst næst. Megnið af efni okkar er gefið út á prenti en auk þess er nær allt okkar efni aðgengilegt á rafrænu formi á vef stofnunarinnar mms.is,“ segir Erling enn fremur.

„Námsgögn eru smám saman að breytast með tilkomu snjalltækja, en enn sem komið er er bókin samt sem áður sá miðill sem flestir kjósa. Við fylgjumst vel með þróuninni en sökum smæðar landsins getum við ekki verið í farar-

“Námsgögn eru smám saman að breytast með tilkomu snjalltækja, en enn sem komið er er bókin samt sem áður sá miðill sem flestir kjósa.



Erling Ragnar Erlingsson, sviðsstjóri hjá Menntamálastofnun.

broddi heldur verðum við að fylgjast með og taka upp það sem best virkar. Þá verðum við hafa í huga að þróun námsefnis sérstaklega fyrir snjalltæki er afar dýr og fjármagn er af skornum skammti.

Á opnu húsi sem stendur yfir frá klukkan 10-16 í dag verða örkyrningar á nýju námsefni og notkunar- möguleikum þess. Um er að ræða um það bil 30 mínútna fyrirlestra þar sem ritstjórnar og höfundar fara í gegnum nýtt námsefni og segja frá efninu og hvaða hugmyndafræði býr að baki. Kennarar geta þá spurt spurninga og fengið með sér sýnis- eintök ef áhugi er fyrir því,“ greinir hann frá.

„Kynningarstarf Menntamála-

stofnunar er margþætt. Við notum samfélagsmiðla, sendum tölvu- pósta, kynningareintök eru send í skólana, við tökum þátt í kennararáðstefnum, höldum opin hús, heimsækjum skóla og gerum í raun allt sem í okkar valdi stendur til að koma námsefninu okkar á framfæri, því útgáfufélinu er í raun ekki lokið fyrr en efnið er komið í notkun.

Starfsemi Menntamálastofnunar er miklu viðfeðmari en starfsemi Námsgagnastofnunar. Menntamálastofnun varð til við sameiningu Námsmatsstofnunar og Námsgagnastofnunar og því eru verkefni afar fjölbreytt, má þar nefna auk námsgagnaútgáfunnar, þjódarsáttmála um læsi, samræmd próf, innritun í framhaldsskóla, greiningar á menntakerfi þjóðarinnar og ýmsa þjónustu við skóla- samfélagið, nemendur kennara, skóla og foreldra.

Menntamálastofnun er til húsa í Víkurhvarfi 3 og er húsnæðið vel til þess fallið að taka á móti gestum, við erum vel búin fundar- herbergjum og einnig eigum við góða nágranna sem kippa sér ekki upp við fjölda gesta á göngum hússins,“ segir Erling Ragnar.



Þú kaupir skólavörurnar hjá Múlalundi og skapar um leið störf fyrir fólk með skerta starfsorku



Fjölbreytt úrval af skólavörum í fallegri verslun okkar í Mosfellsbæ og í vefverslun Múlalundar – www.mulalundur.is. Þú pantar – við sendum til þín



Múlalundur | Vinnustofa SíBS
Reykjalundur | 270 Mosfellsbær

Sími 562 8500
www.mulalundur.is


MÚLALUNDUR

SÉRSNIÐIÐ
FJARNÁM
ÞEGAR ÞÉR HENTAR

STAÐARNÁM
STARFSTÆKIFÆRI

**BÓKHALDS &
SKRIFSTOFUNÁM**

**MARKAÐS- SÖLU- &
REKSTRARNÁM**

KERFISSTJÓRNUN

FORRITUN

GRAFÍSK HÖNNUN

NÁMSKYNNING
22. ÁGÚST



NTV skólinn sérhæfir sig í hagnýtu og starfsmiðuðu námi í samvinnu við mörg af leiðandi fyrirtækjum landsins. Kennsla í NTV er verkefnaþrjú og fer fram í litlum hópum í nánun samstarfi við kennara. NTV er viðurkenndur fræðsluaðili af Mennta- og menningarmálaráðuneytinu og er alþjóðleg prófamiðstöð.

www.ntv.is

ntv

Aldrei of seint að setjast á skólabekk

Tryggvi Þór Júlíusson hafði prófað ýmislegt á menntaveginum en þó að hlutirnir hafi ekki alltaf gengið sem skyldi þá hvarflaði aldrei að honum að leggja árar í bát. Nú í vor útskrifaðist Tryggvi, þá 37 ára gamall, með BA-gráðu í félagsfræði frá HÍ.

Hjördis Erna Þorgeirsdóttir
hjordiserna@frettabladid.is



Menntavegurinn er hvorki einsleitur né línulaga og er skólaganga Tryggva Þórs Júlíussonar skýrt dæmi um það. Tryggvi, sem starfar sem vakt-hafandi verslunarstjóri í Hagkaup, segir lyklatríði að hafa raunverulegan áhuga á því sem maður er að læra.

Tími á menntaveginum

Tryggvi segir atvinnumissi á sínum tíma hafa verið hvatann sem ýtti honum aftur á skólabekk. „Ég ákvað að fara í nám þegar ég missti vinnuna á sínum tíma. Það

var kominn tími á að maður færi að gera eitthvað á menntaveginum,” segir Tryggvi. Hann segir að það sem hafi gert útslagið hafi einfaldlega verið sú staðreynd að hann hafði loksins raunverulegan áhuga á því að læra. „Það sem fékk mig til að slá til og fara í skóla var að loksins fékk ég áhuga á því að læra eitthvað. Ég hafði ekki verið í skóla síðan ég var 19 ára og var kominn tími á mig að ná mér í einhverja menntun,” segir Tryggvi.

Félagsfræðin skemmtileg

Tryggvi segir að hann hafi hætt í skóla um aldamótin og hafi því ekki verið í skóla í 12 ár áður en hann lét slag standa og hóf nám við frumgreinadeild í Háskólanum í Reykjavík og lauk hann



Tryggvi segir að enginn sjái eftir því að mennta sig og aðalatriðið sé að hafa áhuga á náminu. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

Það sem fékk mig til að slá til og fara í skóla var að loksins fékk ég áhuga á því að læra eitthvað.

Því námi 2015. Hann byrjaði í tölvunarfræði en hætti fljótlega og ákvað að skipta yfir í félagsfræðina sem hann segir frekar hafa hæft sínu áhugasviði. Tryggvi segir tölvunarfræðina ekki hafa verið skemmtilega og að hún hafi krafist mikillar skuldbindingar. „Tölvunarfræðin var bara leiðinleg og er mjög krefjandi, mun meira krefjandi heldur en allt nám sem ég hef verið í,” segir hann. Nem-

endurnir hafi þurft að vera meirihluta sólarhringsins í skólanum og að líf hans utan skólans hafi skipt hann meira máli þegar upp var staðið. „Krakkarnir sem voru að læra þetta voru oft 17 tíma plús í skólanum að læra, eitthvað sem ég hafði ekki í mér að gera, þar sem ég á mér líf utan skóla,” segir Tryggvi. Þá segir hann að félagsfræðin hafi hentað honum betur. „Félagsfræðin lá mun betur fyrir mér en tölvunarfræðin, sem var örugglega bara út af því að ég tengi mun betur við félagsfræðina heldur en tölvunarfræði,” segir hann.

Aldurinn kostur

Tryggvi segir að það hafi verið finasta upplifun að vera fullorðinn, en að hann hafi sannarlega


ekki verið sá elsti. „Það var ágætis upplifun að setjast á skólabekk með yngri nemendum en auðvitað er fólk á öllum aldri í háskóla, þannig að ég var ekki alltaf aldursforsetinn í tímum,” segir hann. En reynslan var jákvæð að mati Tryggva og kom honum vel saman við samnemendur sína. „Heilt yfir var það mjög gaman að vera með yngri nemendum og ég náði góðu sambandi við marga af þeim,” segir Tryggvi. Hann telur að þekkingin sem komi með aldrinum hafi frekar gagnast honum en ekki. „Ég held að þetta hafi verið meiri kostur en galli að vera með þeim elstu þar sem ég var oft með meiri vitneskju en þau um sögulega hluti eins og efnahagskreppuna hér um árið,” segir Tryggvi. Eini hugsanlegi gallinn sem hann nefnir hafi verið sá að hann hafi ekki lagt jafn mikla áherslu á þátttöku í félagslífi skólans, en að það sé vitaskuld einstaklingsbundið hvort það hafi áhrif. „Eini gallinn er kannski sá að þegar þú ert orðinn eldri þá ertu ekki að taka jafn mikinn þátt í félagslífi skólans, þannig að þetta gæti verið erfitt fyrir suma,” segir hann.

Háskólinn auðveldari

Undanfarin ár hefur starf framhaldsskólanna tekið stöðugum og víðtækum breytingum. nám til stúdentsprófs er orðið styttra og mætti því segja að framhaldsskólanemendur dagsins í dag séu staddir í hringið ákveðins sögulegs þróunarferlis. Tryggvi segir að sér hafi þótt háskólanám auðveldara en framhaldsskólanám en í háskólanum var ekki jafn ströng áhersla próf. „Mér persónulega fannst háskóli mun auðveldari heldur en framhaldsskóli, þar sem ekki var jafn mikið lagt upp úr prófum í félagsfræðideild Háskóla Íslands,” segir Tryggvi.

Engin eftirsjá að menntun

Tryggvi segir að þeir sem séu að velta fyrir sér námi á fullorðinsaldri eigi ekki að láta aldurinn stoppa sig og einfaldlega kýla á það. „Þau ráð sem ég myndi gefa þeim sem væru komnir á aldur við mig og langaði í skóla væri bara „go for it,” segir hann. Hann segir engan sjá eftir því að mennta sig í því sem viðkomandi hefur áhuga á. „Ef þig langar og þú finnur hvata til að læra eitthvað sem þú hefur áhuga á skelltu þér í nám því það sér enginn eftir því að mennta sig.”



Viltu víkka sjóndeildarhringinn, auka færni þína og reynslu?

Kynntu þér allt það sem **Erasmus+** og **Nordplus** styrktaráætlanirnar hafa upp á að bjóða.

Nánari upplýsingar má finna á: www.erasmusplus.is og www.nordplusonline.org





Verið er að færa alla símenntun Háskólans á Akureyri yfir í fjarnám.

Stefán Guðnason, verkefna-
stjóri símenntunar við
Háskólann á Akureyri, segir
að verið sé að færa alla símenntun
yfir í fjarnám. „Skólinn er þekktur
fyrir sveigjanlegt nám þannig að
það lá beinast við að símenntunin
yrði það líka,“ segir hann.

Að sögn Stefáns er hugmynda-
fræði símenntunarinnar sú að fólk
geti sótt námskeið sama hvar það
er stadd á landinu. „Það er lykilatriði
að námskeiðin séu aðgengileg fyrir
alla landsbyggðina og líka fólk í
Reykjavík sem vill koma á nám-
skeið hjá okkur. Það er alltaf að
verða meiri og meiri krafa frá mark-
aðnum að bjóða upp á fjölbreyttara
fjarnám. Fólk hefur minni tíma en
áður fyrir endurmenntun á sama
tíma og hennar er krafist í auknum
mæli í kjarasamningum.“

Leita eftir samstarfi

Símenntun Háskólans á Akureyri
vill koma til móts við þessar kröfur
og leitar eftir stofnunum og fyrir-
tækjum sem vilja setja upp nám-
skeið í samstarfi við skólann.

„Við setjum námskeið í fjarnámsbúning fyrir stofnanir og fyrirtæki. Þannig geta fyrirtæki eða stofnanir sem eru dreifð um allt land til dæmis, sparað sér þann tíma og kostnað sem fylgir því að fljúga fólki milli landshluta. Þau geta samið við okkur og við setjum efnid upp í fjarnámsbúning. Fyrirtækin geta svo keyrt námskeiðin hvar og hvernig sem þau vilja,“ segir Stefán.

Háskólinn á Akureyri hefur mikla reynslu af fjarnámi og segir Stefán að kerfin sem skólinn notar séu það góð og sveigjanleg að þau geti í raun mætt flestóllum kröfum sem fólk hefur varðandi námskeið.

„Við tókum stjórnendanám inn í símenntun fyrir tveimur árum. Námið er á vegum Samtaka atvinnulífsins (SA) og Sambands stjórnendafélaga (STF) í samstarfi við Símenntun Háskólans á Akureyri. Við höfum verið að keyra námið út frá okkur. Það virkar þannig að SA og STF eiga og reka námið en við höldum utan um það og erum með það í fjarnámi,“ segir Stefán.

Skólinn er þekktur fyrir sveigjanlegt nám

Háskólinn á Akureyri býður upp á fjölbreytt námskeið í Símenntun. Námskeiðin eru öllum opin en oft er lögð áhersla á sérstaka markhópa. Stjórnendanám var tekið inn í símenntun nýlega og hefur það gefið góða raun.



Stefán Guðnason segir lykilatriði að námskeiðin séu aðgengileg fyrir alla landsbyggðina og því er áhersla á fjarnám. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

“Við setjum námskeið í fjarnámsbúning fyrir stofnanir og fyrirtæki. Fyrirtækin geta svo keyrt námskeiðin hvar og hvernig sem þau vilja.

Stjórnendanámið er hagnýtt nám ætlað öllum sem eru með mannaforráð. Mikið er lagt upp úr því í náminu að nemendur geti nýtt það sem þeir læra jafnóðum.

Lært á eigin hraða

„Þetta er tveggja ára nám kennt í sex námslotum, en fólk getur tekið það á lengri tíma ef það vill. Það skráir sig bara í eina lotu í einu,“ segir Stefán. Hann segir marga hafa áhyggjur af að hafa ekki tíma til að sinna náminu, en hann segir að áætla megi að vinnan í hverri lotu sé um það bil 10 klukkustundir á viku.

„En nánast öll verkefni eru aðlöguð að þinni vinnu þannig að þú gætir verið að vinna með eitt-hvað í náminu sem þú ert að vinna með yfir daginn hvort sem er, þannig að oft finnur fólk varla fyrir

aukinni vinnu. Það var til dæmis ein sem var í þessu námi sem vann við gæðaúttektir og ferla. Hún var akkúrat í þeim áföngum hjá okkur á sama tíma þannig að hún vann í raun verkefni bara í vinnunni.“

Stefán segir námið hafa gefist gríðarlega vel. „Margir nemendur uppgötvu eftir að þeir byrja í náminu að þeir hafa meiri tíma en áður. Þetta skólar þig alveg til sem stjórnanda. Það er mikið farið í hvernig þú ert sem stjórnandi. Þetta einfaldar alla verkferla og einfaldar lífið fyrir þér sem stjórnanda að fara í gegnum þetta hjá okkur.“

Stefán bætir við að nemendurnir hafi verið mjög ánægðir með námið. „Maður verður hálf feiminn þegar maður les umsagnir nemenda. Ég sendi póst á þá og spurði hvort einhver væri til í að koma fram opinberlega og mæla með náminu. Ég fékk svo mörg svör að ég þurfti að velja úr. Ég var með 17 nemendur í þeirri lotu og 15 buðust til þess.“

Á vefsíðu símenntunar Háskólans á Akureyri, simenntunha.is, má finna upplýsingar um þau námskeið sem eru í boði í fjarnámi á næstunni. Úrvalið er mjög fjölbreytt og ný námskeið bætast reglulega við listann. Þau sem hafa áhuga á að vita meira um Stjórnendanámið geta farið inn á stjornendanam.is.

Námskeiðin eru kennd í Háskólanum á Akureyri en fjarkennd og aðgengileg hvar sem er á landinu.



LENGRI NÁMSLEIÐIR

Leikur sem kennsluáðferð - **hefst 9. sept.**
 Verkefnastjórnun og leiðtogaþjálfun - **hefst 9. sept.**
 Krabbamein og líknarmeðferð - **hefst 9. sept.**
 Málörvun og læsi - **hefst 10. sept.**
 Sálræn áföll, ofbeldi og áfallamiðuð þjónusta - **hefst 12. sept.**

HEILBRIGÐIS- OG FÉLAGSVÍSINDI

Ofbeldi gegn börnum - **18. sept. og 2. okt.**
 Mat og íhlutun á svefnerfiðleikum barna 6 mánaða til 12 ára - **27. sept.**
 Fjarþjónusta fagaðila - þjónusta 21. aldarinnar (Online counselling and psychotherapy) - **hefst 9. okt.**
 Svefn ungra barna - **14. okt.**
 Svefn barna - **4. nóv.**
 Kviði yngri barna - **4. og 5. nóv.**

UPPELDI OG KENNSLA

Hagnýtar, einfaldar og jákvæðar aðferðir í kennslu - **14. og 15. okt.**
 Skólaforðun; Hagnýt verkfæri í daglegu starfi - **7. nóv.**

STJÓRNUN OG FÆRNI

Listin að breyta hverju sem er - **18. sept.**
 Samskiptastílar - MBTI - **16. okt.**
 Styrkleikar þínir og hestöflin þín - **5. nóv.**

FJÁRMÁL OG REKSTUR

Betri áætlanir - nýjungar í áætlanagerð - **18. sept.**
 Skilvirk verkefnastjórnun. Er markimið á hreinu? - **15. okt.**

TUNGUMÁL

Spænska I - **hefst 3. sept.**
 Ítalska I - **hefst 16. sept.**
 Kínverska I - **hefst 23. sept.**

SAMFÉLAGSMIÐLAR

Hagnýtt hraðnámskeið í samfélagsmiðlun - **1. og 2. okt.**
 Nýttu verkfærakistu Google fyrir skjöl þín, myndirnar og samskiptin - **3. okt.**

Ítarlegri upplýsingar og skráning á simeenntunha.is - sími 460 8091

VILT ÞÚ SKAPANDI ÁHUGAMÁL?

Fjölmörg námskeið í handverki – Skráning, upplýsingar og myndir á www.handverkshusid.is



HANDVERKS HUSIÐ

Dalvegi 10-14, 201 Kópavogi | s 555 1212 | handverkshusid.is



Grenier segir að kennsluáætlanir séu mettaðar en samt sé sifelltt verið að bæta við meira efni. NORDICPHOTOS/GETTY

Vilja fara dýpra í og hægar yfir efni

Hægmenntun er tiltölulega ný nálgun í menntun barna sem gengur út á að kafa djúpt í námsefni í stað þess að fara hratt yfir efnið til að undirbúa nemendur fyrir próf.

Oddur Freyr Þorsteinsson
 oddurfreyr@frettabladid.is



Hægmenntun er ný nálgun í menntun barna sem hafnar ýmsu sem einkennir skólastarf í dag og leggur áherslu á að nemendur byggji upp varanlegt samband við kennarann sinn og námið. Þar fer mun meiri tími í umræðu, vangaveltur og djúpa köfun í viðfangsefni.

Kennsluáætlanir mettaðar

Fyrir skömmu birtist viðtal á vef The Guardian við Mike Grenier, enskukennara við Eton-skólann á Englandi, sem stofnaði hreyfingu til að vekja athygli á hægmenntun árið 2012. Grenier segir að pakkadur kennsluáætlanir grunnskóla séu svipaðar og lyfjagjöf lækna, þú takir þetta námsefni inn og þá verðir þú betri í viðfangsefninu. „Börn á aldrinum fjögurra til átján ára þurfa svo að sanna sig í röð prófa. Þetta er mjög fátæklek sýn á það hvað fólk er,“ segir Grenier.

Hann segir að í hægmenntun sé minna á námskránni. „Heildarþekkingin sem við búum yfir varðandi flest viðfangsefni er gríðarleg. Hugsid ykkur líka hvað það hafa orðið miklar framfarir í líffræði, erfðafræði og taugavísindum síðasta aldarfjórðunginn, eða í edlisfræði, skammtafræði og skilningi okkar á hvernig alheimurinn virkar,“ segir Grenier. „Það er verið að troða þessu öllu inn í kennsluáætlanir sem eru mettaðar. Kennarar segja nemendum að „þau verði að komast í gegnum þetta“ en kynslóðin sem við erum að kenna núna á eftir að verða að minnsta kosti 85 til 90 ára. Af hverju erum við að flýta okkur svona mikið?“

Eins og ein góð máltíð í staðinn fyrir nokkrar óhollar

Maurice Holt þróaði hugmyndina um hægmenntun í Bandaríkjunum snemma á þessari öld. Hann

„Staðalímyndin er að þú segir við nemendur: „Hérna er Rómeó og Júlía, segið mér hvað ykkur finnst.“ En það er betra að kynna fyrst grundvallarhugtök í leiklist eins og hvað harmleikur er.“



Mark Grenier

var svo einn þeirra sem hjálpuðu Grenier að stofna hreyfinguna um hægmenntun í Bretlandi.

Holt líkir hægmenntun við að borða eina góða máltíð í staðinn fyrir nokkrar óhollar og nefndi sem dæmi að það væri betra að skilja hvers vegna sögulegar persónur gerðu það sem þær gerðu en að geta bara þulið upp nöfn þeirra. Hann sagðist vilja bregðast við þeim vexti í staðlaðri menntun og þekkingu sem væri mótuð af prófum og væri að eiga sér stað um allan heim.

Engin hippahugmyndafræði

Grenier útskýrir að þessi hugmyndafræði sé ekki í ætt við frjálshlyndari hugmyndir frá sjöunda áratugnum um menntun barna, heldur sé grundvallarhugsunin á bak við hægmenntun frekar íhaldssöm. Hann segir að hægmenntun eigi að byggjast á hinni klassísku hugmynd Platós um þrenningu, sem samanstendur af tungumáli, hugsun og greiningu og samskiptum.

„Við erum ekki að fleygja öllu upp í loft og haga okkur eins og við séum á Woodstock,“ segir hann.

„Stundum er gagnlegast að kynna hugtök og hugmyndir með því að nota einföld fyrirmæli og setja hlutina upp á töflu. Ef við gefum nemendum nokkur lykilhugtök sem þeir þurfa að skilja geta þeir alltaf leitað til þeirra aftur og þaðan verður auðveldara fyrir þá að kanna viðfangsefnið.“

Sem dæmi nefnir hann hvernig þessi nálgun gæti nýst í kennslu um Shakespeare.

„Staðalímyndin er að þú segir við nemendur: „Hérna er Rómeó og Júlía, segið mér hvað ykkur finnst.“ En það er betra að kynna fyrst grundvallarhugtök í leiklist eins og hvað harmleikur er. Það skiptir öllu máli hvernig þekkingin er nýtt,“ segir Grenier. „Ég vil að nemendur skilji hvað sonnetta er, en líka að þeir kanni hvernig er hægt að nýta það form á áhrifaríkan hátt.“

Ekki bara munaður ríkra

Grenier segist hafa unnið með fjölda ríkisrekinnna skóla á Englandi og með samstarfsaðilum sínum hefur hann komið af stað tilraunum með hægmenntun í skólum í borgum þar sem flestir eru af verkamannastétt. Auk þess var opnaður skóli í fátæku hverfi í austurhluta London þar sem hugmyndir hægmenntunar eru nýttar. Þannig að hægmenntun þarf ekki að vera munaður sem bara ríkir geta leyft sér.

Grenier segir líka að margir foreldrar séu spennir fyrir hugmyndinni vegna þess að yfirleitt vilji þeir ekki bara að börnin sín standi sig vel í skóla, heldur líka að þau séu ánægð þar. „En við erum með kerfi sem aðskilur þessa hluti,“ segir hann. „Það mælir hversu vel skólar standa sig á blaði, en tekur ekkert tillit til persónulegs og félagslegs þroska.“

Hins vegar gerir hann sér vel grein fyrir því að þróunin í átt að hægmenntun eigi eftir að taka sinn tíma. En það er um að gera að skoða allt sem getur bætt menntun og aukio vellíðan barna.

Fasteignablaðið

33. TBL. MÁNUDAGUR 19. ÁGÚST 2019

FASTEIGNIR. FRETTLADID.IS



heimili

fasteignasala
á traustum grunni

Bogi Molby Pétursson löggiltur fasteignasali. • Finnboi Hilmarsson löggiltur fasteignasali.



Grensásvegur 3 • 2 hæð • 108 Reykjavík • Sími 530 6500 • heimili@heimili.is • heimili.is



Fagleg þjónusta
Vönduð vinnubrögð



Ingólfur Geir Gissurarson
Framkvæmdastjóri, lögg.
fasteignasali og leigumíðlari
896 5222

Heiðar Friðjónsson
Sölustjóri, Löggiltur
fasteignasali B.Sc
693 3356

Snorri Snorrason
Löggiltur Fasteignasali
895 2115

Úlfar F. Jóhannsson
hdl. Löggæðingur, Löggiltur
Fasteignasali, Skjalagerð.
692 6906



Margrét Sigurgeirsdóttir
Skrifstofustjóri
margret@valholl.is
588 4477

Pétur Steinar Jóhannsson
Aðstoðarm. fasteignasala
Snæfellsnesi
893 4718

Anna F. Gunnarsdóttir
Löggiltur Fasteignasali
Lista og innanhúsi Stílísti
892 8778

Sturla Pétursson
Löggiltur Fasteignasali.
899 9083

Reykjavík
Snæfellsbæ
Höfn Hornafirði



Síðumúla 27
Sími 588 4477
www.valholl.is

Nútímaleg, kraftmikil og framsækin fasteignasala sem byggir á áratuga reynslu starfsmanna!

Glæsilegar nýjar íbúðir í Mosfellsbæ


Fasteignasala Mosfellsbæjar s. 586 8080 kynnir: Nýjar fullbúnar íbúðir á fallegum útsýnisstað miðsvæðis í Mosfellsbæ, við Þverholt 27-31. Stutt í alla þjónustu. Ný 110,8 m², 3 herbergja íbúð á 3. hæð, ásamt bílastæði í bílageymslu, í nýju lyftuhúsi. Eignin afhendist fullbúin og til afhendingar í nóvember 2019.

Mjög fallegt og vel skipulagt lyftuhús á 3-4 hæðum auk bílakjallara á glæsilegum útsýnisstað. Í húsinu eru þrjár stigagangar með lyftu og sameiginlegum bílakjallara. Með 3 og 4 herbergja íbúðum fylgir stæði í bílageymslu.

Nánari lýsing:

Forstofa er með fataskáp og harðparketi á gólfi. Stofa, borðstofa og eldhús eru í stóru og björtu opnu rými með harðparketi á gólfi. Úr stofu er gengið út á svalir í suðurátt.

Eldhús er með fallegri innréttingu með ísskáp, uppþvottavél, spanhelluborði, víftu og blástursofni með kjóthitamæli. Skúffur eru í neðri hluta innréttingar með ljúflokun og skápar í efri hluta.



Glæsilegar íbúðir eru til sölu við Þverholt í Mosfellsbæ. Íbúðirnar verða afhentar í nóvember.

Íbúðirnar eru bjartar og fallegar.

Badherbergi/þvottaherbergi er með flísalögðu gólfi, fallegri badinnréttingu, innréttingu fyrir þvottavél og þurrkara sem er lyft upp frá gólfi og skúffum undir þvott, vegghengdu salerni, sturtu og handklæðaoefni. Sturtan er flísalögð og með sturtuskilrími úr hertu gleri á eina hlið frá Glerborg. Svefnherbergi eru með fataskápum og harðparketi á gólfi.

Íbúðinni fylgir hlutdeild í sameiginlegri vagna- og hjólageymslu. Bílastæði við húsið verða malbikuð og gönguleið að húsi verður hellulögð.

Allar nánari upplýsingar fást hjá Fasteignasölu Mosfellsbæjar í síma 586 8080.

Fasteignasala Mosfellsbæjar

EINAR PÁLL KJÆRNSTED LÖGG. FASTEIGNASALI

KJARNNA - ÞVERHOLTI 2 • 270 MOSFELLSBÆ • SÍMI: 586 8080 • WWW.FASTMOS.IS



Sveinþór Einarsson
Lögg. Fasteignasali • S: 698-8555



Sigurður Gunnarsson
Lögg. Fasteignasali • S: 899-1987

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Málarar

Getum bætt við okkur verkefnum innan og utanhús. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. ofl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Spádómar

SPÁSÍMINN 908 5666

Stjörnuspa. Tarot. Ársspa. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

SPÁSÍMINN 9086116.

Ástir, Fjármál, Heilsa, Opíó alla daga.

Keypt & Selt

Til sölu



LOK Á HEITA POTTA OG HITAVEITUSKELJAR.

Stærðir í cm: 200x200, 210x210, 220x220, 235x235, 235x217, 217x174, 8 hyrnd lok. Lokin þola 1000 kg jafnarþröngun af snjó. Vel einangruð og koma með 10 cm svuntu. Sterkustu lokin á markaðnum. Litir: Brúnt eða Grátt. Opnunar til þess að auðveldu opnun á loki. www.Heitipottar.is Sími 777 2000 Haffi og 777 2001 Grétar

Til sölu stórt eldhúsbörð, isskápur og borðstofuskápur. Selst ódyrt ef selst strax. Má koma og sækja uppl s: 843-6599.

Til bygginga



HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS

Vatnasklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolia. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símunum 660 0230 og 561 1122.

Skólar & Námskeið

Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésón.

Húsnæði

Húsnæði í boði

TIL LEIGU.

2 herb. íbúð að Lindarsmára, Kóp. Krafist er að 2 ábyrðarmenn ábyrgist leiguna eða bankaábyrgð, leiguverð er 160.000 á mán. Vinsamlegast sendið á netfangið smaar@frettabladid.is merkt "Leiga-0819"

Húsnæði til sölu



RÝMINGARSALA!

Nýtt 50 ferm. hýsi til afgreiðslu strax. Fullbúð, 2 herb. 2 baðherbergi. Verð nú aðeins 6.9 millj. uppl. 820-5181

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS SÍMI 555-3464

Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

WWW.GEYMSLAEITT.IS


Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

Tilkynningar

Tilkynningar

WWW.YAAKOVSWELL.NET

Here you will find a series of studies of the Blessed Torah. All the material is completely free. you may download it, copy it and give it away.




Betri Bílakaup Eirhöfða 13 Sími : 511 2777

BETRIBILAKAUP.IS

Flutt á nýjan stað með flott og stórt plan. Vantar allar gerðir af bílum á skrá og á staðinn. Það er frítt að skrá bílinn hjá okkur og það kostar heldur ekkert að láta hann standa hjá okkur. Erum með myndeffirlit á planinu.

FJÓRÐUNGS afsláttur af sölulaunum af öllum seldum bílum af planinu í ágúst OG september!

Betri Bílakaup 511 2777



Vantar þig starfsfólk?

HAGVANGUR

hagvangur.is

Ef þú ert með rétta starfið – erum við með réttu manneskjuna

Capacent_

Ráðgjafar okkar búa yfir viðtækri þekkingu á atvinnulífni og veita trausta og persónulega ráðgjöf.



VERSLUNARTÆKNI
www.verslun.is



geiri
www.geirihf.is



Starfsmannaskápar
Fataskápar
Geymsluskápar



Velkomin í sýningarsalinn Draghálsi 4

MECALUX SILVERSTONE MEGABLOK

Allt hjá okkur



VERSLUNARTÆKNI
www.verslun.is



geiri
www.geirihf.is



Draghálsi 4 - 110 Reykjavík
Sími: 535 1300 - ver-
slun@verslun.is

Bikarinn yfir brúna í þriðju atrennu

Selfoss varð um helgina bikarmeistari í knattspyrnu kvenna í fyrsta skipti í sögu félagsins. Hólmfríður Magnúsdóttir, sem ákvað nokkrum dögum áður en Íslandsmótið hófst að taka fram skóna og spila með Selfossi, skoraði annað mark liðsins í 2-1 sigri gegn KR.

FÓTBOLTI Það var stór stund í sögu knattspyrnunnar á Selfossi þegar kvinnaliðið varð bikarmeistari í fyrsta skipti í sögu félagsins með 2-1 sigri gegn KR í úrslitaleik Mjólkurbikarsins á laugardaginn. Selfoss hafði tvisvar áður komist í bikarúrslit, árin 2014 og 2015, en í bæði skiptin varð Stjarnan ljónið í veginum.

Hólmfríður Magnúsdóttir, sem skoraði fyrra mark Selfoss í leiknum, var ekkert viss um að hún ætlaði að taka slaginn þetta sumar þegar Selfyssingar höfðu samband við hana í vor. Forráðamönnum Selfoss tókst að búa þannig um hnúta að Hólmfríður fann neistann á nýjan leik og hvorugur aðilinn hefur líklega séð eftir því á laugardagskvöldið.

„Það er yndisleg tilfinning að standa uppi sem bikarmeistari og sigurtílfíningin er enn sterkari eftir að ég varð móðir. Eftir að ég átti strákinn minn fyrir ári þá verða allir sigrar sætari og mér líður alveg frábærlega á þessari stundu. Ég var ekkert viss um að ég myndi spila í sumar en ákvað það fimm dögum fyrir mót að vera með. Af þeim sökum er það ekki sjálfgefið að ég standi í þeim sporum að ég sé að fagna bikarmeistaratitli,“ sagði Hólmfríður í samtali við Fréttablaðið þegar sigurinn var í höfn og leikmenn og forráðamenn Selfoss voru að fagna því að liðið hefði brotið blað í sögu félagsins.

Sá ekki fyrir sér að vera í þessum sporum

„Fyrir ári síðan var ég rúmlega 100 kíló, nýbúin að fæða barn í heiminn og hafði ekki sparkað í bolta síðan árið 2017. Staðan er allt önnur á þessum tímamarki og mér líður ofboðslega vel. Það hefur mikla þýðingu fyrir mig að taka þátt í því að vinna fyrsta bikarmeistaratitilinn í sögu Selfoss. Við erum nokkrar í liðinu sem ólumst upp á Hvolsvelli, aðrar frá Hellu og Hveragerði auk uppalinna Selfyssinga. Það mætti því segja að þetta sé góð blanda frá Suðurlandi sem er kjarninn í þessu liði,“ segir hún enn fremur um þær tilfinningar sem hún ber í brjósti á þessari innilegu sigurstundu.

„Það voru gildin í liðinu, sem eru liðsheild, barátta og að gefast aldrei upp, sem voru lykillinn að þessum sigri. Við vorum svo með þéttan stuðningsmannahóp á bak við okkur sem hjálpaði okkur að landa þessum titli. Þegar ég keyrði um Selfoss í morgun var fólk búið að flagga og ég fann virkilega fyrir því að samfélagið stóð á bak við okkur,“ segir Hólmfríður um leikdaginn.

„Þetta bæjarfélag er engu líkt. Það skiptir engu máli hvort það er handbolti eða fótbolti, karlar eða



Liðsmýnd af liði Selfoss og forráðamönnum þess eftir glæsilegan sigur gegn KR í úrslitaleik Mjólkurbikarsins um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Hólmfríður Magnúsdóttir fagnar sigrinum vel og innilega eftir leik.



Alfreð Elías Jóhannsson fær hér væna mjólkurgusu frá liðsmanni sínum.

Fyrir ári síðan var ég rúmlega 100 kíló, nýbúin að fæða barn í heiminn og hafði ekki sparkað í bolta síðan 2017.

Hólmfríður Magnúsdóttir

konur, sem eiga í hlut. Þegar Selfyssingar eru að berjast um bikara eða keppa um eitthvað þá mætir allt bæjarfélagið og styður liðið vel. Við mætum til að mynda allar þegar strákarnir urðu Íslandsmeistarar í handbolta og hér í dag voru leikmenn handboltaliðsins mættir til þess að styðja okkur. Þetta er magnað félag sem sér vel um sína og mér líður mjög vel í þessu félagi,“ segir Hólmfríður enn fremur um upplifun sína af bikarúrslitaleiknum.

Kann vel við metnaðinn og umgjörðina hjá félaginu

„Þetta lið hefur sýnt það í sumar að það getur alveg veitt Val og Breiðablíki samkeppni og nú ætti næsta markmið að vera að nálgast þau lið enn frekar. Ég fíla vel metnaðinn í Alfreð [Elías] Jóhannssyni en hann ætlaði sér að verða bikarmeistari og það var yfirlýst markmið okkar að vinna þessa keppni. Hann langar líka að fara með liðið lengra í deildinni og góður árangur okkar þar kemur okkur ekki á óvart. Það var

stefnan að berjast í efri helmingi deildarinnar,“ segir þessi fyrrverandi landsliðsmaður um metnaðinn á Selfossi.

„Þó svo að mér sé efst í huga núna hversu glöð ég er að vera bikarmeistari með Selfossi þá sviður það að sjá hversu illa er staðið við bakið á kvinnaliði KR alla jafna. Þær fengu reyndar góðan stuðning í þessum leik og þeir aðilar sem standa á bak við liðið eru að gera sitt besta. Mér finnst hins vegar enn ríkja svolítið karlaveldi hjá félaginu sem sýnir sig til dæmis í slakri mætingu á deildarleiki og almennu áhugaleysi á liðinu yfir sumarið. Ég mun alltaf vera með KR-hjarta og þetta truflar mig mikið, að fylgjast með þessu úr fjarlægð,“ segir Hólmfríður um stöðu mála hjá andstæðingi sínum í bikarúrslitaleiknum.

„Eftir að ég varð móðir þá er það meira þúsluspil fyrir mig að geta æft fótbolta. Það eru til að mynda stelpur úr 4. flokki sem passa Magnús á meðan ég er á æfingum og ég fæ alla þá aðstoð sem ég þarf til þess að geta sinnt fótboltanum eins vel og nokkur kostur er. Nú ætla ég bara að njóta þess að hafa landað þessum bikarmeistaratitli, klára tímabilið eins vel og mögulegt er í deildinni og svo tek ég stöðuna í haust um hvað ég geri hvað næsta keppnistímabil varðar,“ segir þessi frábæri sóknarmaður um framhaldið hjá sér. hjorvaro@frettabladid.is

Afar vænleg staða hjá íslenska liðinu fyrir lokaleikinn

KÖRFUBOLTI Íslenska karlalandsliðið í körfubolta kom sér í vænlega stöðu í baráttunni um að hafna í efsta sæti í riðli sínum í forkeppni fyrir undankeppni Evrópumótsins 2021 með sannfærandi 96-68 sigri gegn Portúgal í Laugardalshöllinni á laugardaginn.

Sá sigur þýðir að íslenska liðið mun enda í efsta sæti riðilsins og komast áfram í undankeppnina bæði með sigri gegn Sviss í lokaleik riðlakeppninnar en auk þess mun tap með 19 stigum eða minna fleyta liðinu áfram í undankeppnina þar sem Serbia, Georgía og Finnland biða.

Hlynur Elías Bæringsson sýndi það í leiknum um helgina hvers

vegna þjálfarateymi íslenska liðsins suðaði í honum að taka landsliðs-skóna af hillunni og aðstoða liðið í því verkefni að halda lífi í voninni um að komast í lokaleppni Evrópumótsins árið 2021.

Hann var einkar góður á báðum endum vallarins en hann og Pavel Ermolinskij bundu saman þetta vörn íslenska liðsins og þá var Hlynur Elías stigahæsti leikmaður Íslands með 22 stig auk þess að taka sjö fráköst.

Jón Axel Guðmundsson sýndi það síðan svo um munar hvers megnugur hann er í þessum leik. Jón Axel skoraði 21 stig í leiknum og var aukinheldur iðinn við að fiska villur á Portúgalana. Það er mjög

mikilvægt að Jón Axel leggi sitt lóð á vogarskálina í sóknarleik liðsins og verði eitt af vopnum íslenska liðsins.

Önnur liðleggja á það ríka áherslu að stöðva Martin Hermannsson sem er beittasta vopnið og þá er gott að hægt sé að leita að öðrum höndum sem þora og geta sótt á körfuna. Jón Axel tók það hlutverk að sér með miklum sóma í þessum leik. Martin skoraði 19 stig í leiknum og Elvar Már Friðriksson bætti 10 stigum við í sarpinn.

Ísland mætir Sviss ytra í lokaleik riðlakeppninnar á miðvikudaginn kemur og þar koma örlög íslenska liðsins í ljós. Eins og rakið var hér að framan er Ísland í ákjósanlegri stöðu fyrir þann leik. – hó



Jón Axel Guðmundsson átti góðan leik gegn Portúgal. MYND/JÓNAS O.



MicellAIR

SKIN BREATHE

HREINSIVATN



NIVEA MicellAIR hreinsivatnið fjarlægir farða á mildan en áhrifaríkan hátt með Miceller tækninni. Það er óþarfi að skola af eða nudda. Hreinsar fullkomlega og án þess að skilja eftir filmu eða klístur.

TÍMAMÓT

Málsvari blindra og sjónskertra í 80 ár

Í dag 19. ágúst eru 80 ár liðin frá stofnun Blindrafélagsins. Af því tilefni býður félagið til hátíðarsamkomu á Hótel Nordica að Suðurlandsbraut í Reykjavík klukkan 16 í dag. Félagið á enn ríkt erindi, segir formaðurinn.

Blindrafélagið, samtök blindra og sjónskertra á Íslandi, fagnar í dag áttatíu ára afmæli. Félagið vinnur að hagsmunum og félagsmálum blindra og sjónskertra, rekur Blindravinnustofuna og veitir margvíslega þjónustu, fræðslu og jafningjastuðning.

Hamrahlíð mikilvæg

Blindrafélagið var stofnað 19. ágúst 1939 af stórhuga einstaklingum sem vildu að blindir tækju ábyrgð á eigin málefnum. Frá upphafi hefur tilgangur félagsins verið að vinna að hagsmunamálum blindra og sjónskertra auk þess að standa fyrir öflugum félagsstarfi.

Kristinn Halldór Einarsson, framkvæmdastjóri félagsins, segir að starfsemi þess hafi aukist á undanförunum árum. Þar muni mikið um Ferðapjónustu Blindrafélagsins, leiðsöguhundaverkefnið, vaxandi áherslur á stafrænt aðgengi, rekstur Blindravinnustofunnar og umsjón með fasteign félagsins að Hamrahlíð 17.

Húsið í Hamrahlíð hefur félagið reist í aföngum frá árinu 1957. „Þar er nú öll starfsemi félagsins og Blindravinnustofunnar en þar vinna 30 manns, 20 leigubúdir fyrir félagsmenn, gestaherbergi og íbúðir fyrir félagsmenn af landsbyggðinni og endurhæfingaríbúð,“ segir hann. Í húsinu er einnig starfsemi Þjónustu og þekkingarmiðstöðvar fyrir blinda, sjónskerta og einstaklinga með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu, Augnlæknar Reykjavíkur og Gleraugnaverslunin Optík Reykjavík. Hann segir að enn sé verið að huga að stækkun til að tryggja að sem mest af þjónustu við blinda og sjónskerta verði áfram í Hamrahlíðinni.

Fjármögnun félagsins

Blindrafélagið er almannaheillafélag. Kristinn segir að félagið fjármagni starfsemi sína með sjálfsaflafé, svo sem happadrætti, leiðsöguhundadagatali, styrktarreiðslum bakhjarla félagsins og



Kristinn Halldór Einarsson, framkvæmdastjóri Blindrafélagsins, fyrir fram hús félagsins í Hamrahlíð. FRÉTTABLAÐIÐ / VALLI

Á áttatíu árum hafa aðstæður blindra og sjónskertra breyst til batnaðar. Að sama skapi hefur samfélagið líka breyst. En við eigum samt ennþá ríkt erindi við samtíðina, sérstaklega varðandi aðgengismál.

Sigþór U. Hallfreðsson, formaður Blindrafélagsins



leigutækjum. „Opinbert fjárframlag til starfsemi Blindrafélagsins er innan við 4% af rekstrarkostnaði þess,“ segir framkvæmdastjórinn.

Öflugt félagsstarf

Sigþór U. Hallfreðsson, formaður Blindrafélagsins, segir að í félaginu séu um 700 aðalfélagar en þá er miðað við 30% sjónskerðingar-

mörk. „Síðan eru 6.500 bakhjarlar sem eru okkur gríðarlega mikilvægir, bæði fjárhagslega og félagslega.“ Formaðurinn segir félagsstarfið öflugt. „Innan félagsins eru nokkrar landshlutadeildir, RP-deild sem er vettvangur þeirra sem hafa greinst með arfgena hrörnunarsjúkdóma í sjónhimnu og AMD-deild, en AMD er aldurstengd augnbotnahrörnun og algengasta ástæða sjónskerðingar eldra fólks,“ segir hann.

Sigþór nefnir einnig Ungblind, sem er vettvangur félagsmanna á aldrinum 16-30 ára, og Foreldradeild, sem er vettvangur foreldra sem eiga sjónskert eða blind börn yngri en 18 ára. „Hlutverk deildanna er fræðsla, félagsstarf og jafningjastuðningur. Þá taki Ungblind þátt í erlendum samstarfsverkefnum, til dæmis norrænum sumarþúðum blindra og sjónskertra ungmennta og samstarfsverkefnum á vegum Erasmus+ í Evrópu.

Málsvari mannréttinda

Að sögn Sigþórs hefur félagið alla tíð verið öflugur málsvari mannréttinda og umbóta. „Félagið berst fyrir því að blindir og sjónskertir einstaklingar geti lifað sjálfstæðu lífi og þeim sé tryggð sami réttur

og öðrum til ábyrgrar og virkrar þátttöku í samfélaginu.“

Fyrir frumkvæði og stuðning Blindrafélagsins hafa mörg brýn hagsmunamál náðst fram, til að mynda Ferðapjónusta, Hljóðbókasafn Íslands, íslensku talgervlaraddirnar og stofnun Þjónustu og þekkingarmiðstöðvarinnar. Formaðurinn segir eitt mikilvægasta hagsmunamál félagsins í dag vera innleiðing Evrópsku vefadgengistilskipunarinnar á Íslandi. „Samandregið má tengja mest alla okkar baráttu við spurninguna um aðgengi. Hvort sem rætt er um í umhverfinu eða upplýsingum,“ segir hann. Tilskipunin er enn til meðferðar hjá stjórnvöldum. „Þetta varðar aðgengi að upplýsingahraðlestinni og kveður á um skyldu þeirra sem bera ábyrgð á opinberum vefsvæðum til að tryggja öllum viðunandi aðgengi að þeim. Opinberir aðilar þurfa að taka sér betra tak í þessum efnum,“ segir Sigþór.

Annað baráttumál Blindrafélagsins er aukid ferðafrelsi leiðsöguhunda fyrir blinda til og frá landinu. „Þetta er okkur mikið kappsmál. Við höfum keypt leiðsöguhunda og fært ríkinu að gjöf. En fjögurra vikna einangrun í hvert skipti við

komuna til landsins er óásættanleg. Þetta snýr að sanngirni, leiðsöguhundur í einangrun nýttist ekki notandanum á meðan.“

Vegleg afmælisdagskrá

Í tilefni af 80 ára afmælinu efnir Blindrafélagið til hátíðarsamkomu á Hótel Nordica í dag klukkan 16. Dagskráin verður hátíðleg og fjölbreytt, forseti Íslands herra Guðni Th. Jóhannesson ávarpar samkomuna og Samfélagslampi Blindrafélagsins verður afhentur, en það er sérstök viðurkenning til fyrirtækis eða stofnunar sem stuðlað hefur að auknu sjálfstæði blindra og sjónskertra einstaklinga.

Á þessum tímamótum verður Blindrafélagið einnig heiðursgestur Reykjavíkurborgar á Menningar- og mun standa fyrir veglegri lista- og menningardagskrá í Tjarnarsal Ráðhússins þar sem listamenn innan félagsins fá að njóta sín.

Sigþór segir félagið enn afar mikilvægt. „Á áttatíu árum hafa aðstæður blindra og sjónskertra breyst til batnaðar. Að sama skapi hefur samfélagið líka breyst. En við eigum samt ennþá ríkt erindi við samtíðina, sérstaklega varðandi aðgengismál.“ david@frettabladid.is

Merkiþingur

1399 Rikharður 2. Englandskonungur gefst upp fyrir Hinriki Bolingbroke og afsalar sér krúnunni.

1745 Uppreisn Jakobíta hefst í Skotlandi.

1809 Jörundur hundadagakonungur afsalar sér völdum á Íslandi.

1871 Alþingismenn stofna Hið íslenska þjóðvinafélag til þess að vekja og lifga vitund Íslendinga um að þeir séu sjálfstætt þjóðfélag. Félagið hefur gefið út almanak árlega síðan 1875.

1923 Fasti alþjóðadómstóllinn, fyrirrennari Alþjóðadómstólsins í Haag, kveður upp mikilvægan dóm í hinu svonefnda S.S. Wimbledon-máli. Þar er tekin afstaða

til spurningarinnar hvernig ríki geti verið fullvalda og á sama tíma skuldbundið alþjóðalögum með samningum við önnur ríki. Dómurinn segir að ríki sem tekur á sig skuldbindingar með þjóðréttarsamningi sé ekki að skerða fullveldi sitt, heldur að nota það.

1949 Kvikmyndafyrirtækið Edda-Film stofnað í Reykjavík.

1956 Á Hólum í Hjaltadal er haldin hátíð í minningu þess að 850 ár eru liðin frá stofnun biskupsstóls þar.

1963 Sæsímastrengurinn Icecan er tekinn í notkun en hann tengir Ísland og Kanada.

1993 Veidar íslenskra togara hefjast í Smugunni svonefndu, sem er hafsvæði á milli fiskveiðilögsagna Noregs og Rússlands og fiskverndarsvæðisins við Svalbarða.

1993 Shimon Peres, utanríkisráðherra Ísraels, kemur í opinbera heimsókn til Íslands. Mánuði síðar takast sögulegar sættir milli Ísraels og Palestínanna.

2008 Rauðhumla sést í fyrsta sinn á Íslandi. Rauðhumla (fræðiheiti: Bombus hypnorum) er býflugnategund sem er dreifð um alla Evrópu og hluta af Austur-Asíu.



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,
Nói Alexander Marteinsson
Örk,
Tálknafirði,

lést á gjörgæsludeild Landspítalans aðfaranótt þriðjudagsins 13. ágúst. Jarðsett verður frá Tálknafjarðarkirkju laugardaginn 24. ágúst klukkan 14.

Fríða Sigurðardóttir

Börkur Hrafn Nóason **Helena R. Hinriksdóttir**
Ingibjörg Jóna Nóadóttir
Hildigunnur Kristinsdóttir
Fríða Hrunn Kristinsdóttir **Róbert Á. Jörgensen**
barnabörn og barnabarnabörn.

BYRJADU DAGINN MEÐ FRÉTTABLAÐINU

Sæktu Fréttablaðs appið og lestu Fréttablað dagsins í snjalltækinu þínu,
hvar og hvenær sem er!



• Þú sækir appið frítt í Appstore eða Googleplay.

• Opnar blað dagsins.

• Lest þegar þér hentar!

EKKI MISSA AF NEINU,
FYLGU FRÉTTABLAÐINU
Á FACEBOOK.

Download on the
App Store

GET IT ON
Google Play

VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

Mánudagur

Reykjavík ☀️ 13°C 2°C ↓	Ísafjörður ☁️ 6°C 4°C ←	Akureyri ☁️ 6°C 3°C ↓
Egilsstaðir ☁️ 7°C 7°C ↓	Kirkjubæjarkl ☔️ 8°C 1°C ↗️	Hveravellir ☁️ 4°C 7°C ↓

Norðaustan og norðan 8-15 m/s. Rigning norðaustan- og austanlands. Rigning með köflum norðvestan til og á Suðausturlandi. Norðlæg átt í dag, víða 5-13 m/s, hvassast við A-ströndina. Skýjað fyrir norðan og austan og dálítill væta um landið NA-vert, en annars þurr. Hiti 5 til 10 stig um landið norðanvert, en 11 til 17 stig syðra yfir daginn. Kólnar NA-lands í kvöld.

Þriðjudagur

Reykjavík ☁️ 14°C 4°C ↙️	Ísafjörður ☀️ 9°C 2°C ←	Akureyri ☀️ 11°C 1°C ↙️
Egilsstaðir ☁️ 9°C 1°C ←	Kirkjubæjarkl ☁️ 10°C 4°C ↙️	Hveravellir ☀️ 8°C 5°C ↑

Miðvikudagur

Reykjavík ☁️ 15°C 6°C ↙️	Ísafjörður ☁️ 8°C 4°C ↙️	Akureyri ☁️ 9°C 3°C ←
Egilsstaðir ☁️ 11°C 2°C ↙️	Kirkjubæjarkl ☔️ 11°C 5°C ↙️	Hveravellir ☁️ 10°C 2°C ↙️

LÉTT

	1	4		2			
	2			4		9	5
3	5				6		
			1		9	6	
8	4	9		2			
7			5		2		
		5	7	4		2	
					4	1	
	9	6		1	7		

MIDLUNGS

		7	3		8	4	6	9
2		3				5		1
			6			2		
6		4					3	
						7		8
			4					2
3		8	5	4				
5			7		3		9	
7				9	2			4

PUNG

1	7					2	4
4					2		
	5	9	3				
9				3	7		8
	1	4		2	9		3
8			9	6			5
			1		3		
		5		8			1

Krossgáta

- LÁRÉTT**
 1 klandur
 2 kk. nafn
 6 skjáta
 8 fyrirliða
 10 í röð
 11 hjá
 12 vegghamar
 13 seytlar
 15 nærklæði
 17 gildra
- LÓDRÉTT**
 1 krókus
 2 fat
 3 kvk. nafn
 4 mættir
 7 torskilið
 9 raspa
 12 afkvæmi
 14 fugl
 16 bráðlyndur

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10				11	
		12			
13	14				
15				16	
	17				


LÁRÉTT: 1 stéik, 5 aft, 6 forsmá, 10 fgr, 11 við, 12 berg, 13 agar, 15 nærfót, 17 snara. LÓDRÉTT: 1 saffran, 2 tög, 3 eir, 4 kæmli, 7 ráðgáta, 9 sveifa, 12 barn, 14 gæs, 16 ör.

Skák Gunnar Björnsson

Anand (2.756) átti leik gegn Nepomniachtchi (2.774) á Sinquefield-mótinu í St. Louis í Bandaríkjunum.

77...b5+! 0-1. Eftir 78. axb6 Rxb6+ fellur hrókurinn. Þetta var eina vinnings-skák fyrstu umferðar. Carlsen gerði jafntefli við Anish Giri. Í gær hófst skákmót í Lviv í Úkraínu. Helgi Áss Grétarsson og Guðmundur Kjartansson meðal keppenda. www.skak.is: Sinquefield-mótið

Svartur á leik



1	3	7	6	9	2	8	4	5
6	8	4	7	1	5	9	2	3
9	5	2	3	4	8	6	7	1
5	2	8	4	6	3	1	9	7
7	4	6	9	5	1	2	3	8
3	9	1	8	2	7	5	6	4
2	6	5	1	3	4	7	8	9
4	7	9	5	8	6	3	1	2
8	1	3	2	7	9	4	5	6

3	4	6	2	1	8	7	5	9
5	7	8	3	9	4	1	2	6
9	1	2	5	6	7	8	3	4
8	6	4	9	7	3	2	1	5
7	5	9	8	2	1	4	6	3
1	2	3	4	5	6	9	7	8
2	8	1	6	4	5	3	9	7
6	3	7	1	8	9	5	4	2
4	9	5	7	3	2	6	8	1

4	9	3	5	1	7	8	2	6
7	1	5	2	8	6	4	3	9
8	2	6	9	3	4	7	1	5
3	4	1	6	2	5	9	7	8
9	5	7	1	4	8	2	6	3
2	6	8	7	9	3	1	5	4
1	3	4	8	6	2	5	9	7
5	8	9	3	7	1	6	4	2
6	7	2	4	5	9	3	8	1

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Pondus




Eftir Frode Øverli

Gelgjan



Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Barnalán



Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

TUDOR rafgeymar

Er fjórhjólið tilbúið fyrir fjallaferðina?

Veldu öruggt start með TUDOR

Mikið úrval - Traust og fagleg þjónusta


SKORRI SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

Bíldshöfða 12 • 110 Rvk • 577 1515 • skorri.is

HVER VANN?

Sportíð á frettabladid.is færir þér allar nýjustu fréttirnar úr heimi íþróttanna.

Ekki missa af neinu, fylgdu Fréttablaðinu á Facebook



Alvarlegur undirtónn

BÆKUR

Átta sár á samviskunnni

★★★★★

Höfundur: Karl Ágúst Úlfsson

Útgefandi: Benedikt

Bládsíður: 176

Átta sár á samviskunnni er einstaklega skemmtilegt safn smásagna sem ætti að falla í kramið hjá flestum. Sögurnar eru átta talsins og er efni þeirra afar fjölbreytt en þær eiga það allar sameiginlegt að bera keim af einstakri kímniáfu Karls Ágústs sem hefur kitlað hláturtaugar landsmanna síðustu áratugi.

Smásagnaformið virðist henta Karli vel og í gegnum það tekst honum að miðla myndum og oftast en ekki fjarlægum hugmyndum sínum á einfaldan og skemmtilegan hátt. Þannig byggjast sögurnar oftast en ekki á einni spaugilegri pælingu eða einni undarlegri svipmynd sem maður getur séð fyrir sér að skjóti upp í kalli höfundar sem síðan skrifar söguna utan um hana.

Þannig má sjá fyrir sér að sagan Abraham og Ísak í Ikea hafi orðið til en hún byggist í raun öll í kringum þessa einu mynd sem lesandi sér mjög skýrt fyrir sér af öldungnum Abraham sem byggir altari í Ikea-versluninni með hjálp sonar síns Ísaks. Sem dæmi af hinum pólnum mætti nefna söguna Trúnó sem fjallar um öllu alvarlegra málefni, alkóhólisma, á nýstárlegan og skemmtilegan hátt.

Það mætti segja að þessar tvær ólíku sögur séu best heppnuðu sögur safnsins sem sýnir fjölbærni höfundarins. Hinar sögurnar bera frjóu ímyndunarafli hans einnig vitni og skapar hann aðalpersónur af ýmsum gerðum. Þannig kynnist lesandinn til dæmis sjómanni með söfnunarárætti, meðvirkum maraþonhlaupara og trúuðum lagermanni.

Sögurnar geta verið afar sniðugar en í þeim öllum leynist alvarlegur undirtónn. Sumar eru margræðar og skilja lesanda jafnvel eftir í óvissu. Stíllinn er einfaldur og látlaus sem hentar gamansömum textanum vel og skapar gott flæði við lesturinn. Allt í allt mynda þessar átta sögur heildstætt og skemmtilegt verk sem hver sem er ætti að geta haft gaman af að lesa.

Óttar Kolbeinsson Proppé

NIDURSTADA: Vel heppnað smásagnasafn með myndum og þægilegum sögum. Umfjöllunarefnið getur verið afar hlægilegt en þó kveður oftast við alvarlegan undirtón. Hver sem er ætti að geta fundið alla vega eina sögu við sitt hæfi í þessu fjölbreytta safni.



Stokkur á Stokkseyri

Nýtt gallerí, Stokkur Art Gallery, er nýopnað á Stokkseyri. Eigendur þess eru Stefán Hermannsson og Arnfríður Einarsdóttir sem hafa verið búsett á Eyrarbakka um skeið. Þau eru mikið áhugafólk um menningu, listir, fólk og samfélag.

Stokkur Art Gallery stendur einnig fyrir viðburðum eins og tónleikum, upplestrum úr bókum, myndlistarnámskeiðum og ýmslegu öðru sem eigendum þess dettur í hug.

Galleríið hefur starfsemi með einkasýningu Margrétar Loftsdóttur. Þar verða útskriftarverk Margrétar úr University of Cumbria ásamt nýjum verkum. Sýningin mun standa til 18. september. Yfirskrift hennar er Framtíðin.

Margrét Loftsdóttir (f. 1992) er nýkomin heim úr námi frá Bretlandi. Hún lauk diplómagráðu frá Málaraeild Myndlistaskólans í Reykjavík 2018, í framhaldi af því bætti hún við sig BA-gráðu (Fine Art) frá University of Cumbria.



Flaggað við Stokk Art Gallery á Stokkseyri.

50.000 Afsláttur
MEDAN BIRGÐIR ENDAST

LEGION Y530
Leikjafartölva, i5, 16GB minni og leikjaskjákort
149.990
VERD ÁÐUR 199.990

ALLT AÐ

60 ÞÚSUND

AFSLÁTTUR AF FARTÖLVUM

20.000 Afsláttur
MEDAN BIRGÐIR ENDAST

LENOVO
Yoga 530 með i5 og 256GB SSD disk
119.990
VERD ÁÐUR 139.990

MÖGNUN

OPNUNAR

TILBOÐ

MEDAN BIRGÐIR ENDAST

50% Afsláttur
AF YFIR 1000 VÖRUM

VEISLA ALLA VIKUNA
Fjöldi opnunartilboða og ljúffengur Lurkur frá Emmessís í boði!

50% Afsláttur
MEDAN BIRGÐIR ENDAST

LENOVO
Yoga C N23 með snertiskjá
24.995
VERD ÁÐUR 49.990

NÝ VERSLUN
Í MÖRKINI 3 REYKJAVÍK OG UNDIRHLÍÐ 2 AKUREYRI

TÖLVUTEK

Reykjavík • Mörkin 3 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900



Hefja göngu sína á ný í kvöld kl. 19.30



Frétta- og mannlífspáttur þar sem ítarlega er fjallað um það sem efst er á baugi. Stærstu fréttamál dagsins eru krufin með viðmælendum um land allt.

Umsjón: Einar Þorsteinsson og Jóhanna Vigdís Hjaltadóttir.



Menningarþáttur þar sem fjallað er á snarpan og líflegan hátt um það sem efst er á baugi hverju sinni í menningar- og listalífni, jafnt með innslögum, fréttaskýringum, gagnrýni, pistlum og umræðu.

Umsjón: Bergsteinn Sigurðsson og Guðrún Sóley Gestsdóttir.



okkar allra

DAGSKRÁ

Mánudagur

RÚV SJÓNVARP

- 13.00 Útsvar 2016-2017 Fjarða- byggð - Reykjavík**
- 14.05 Enn ein stöðin**
- 14.40 Maður er nefndur Sveinn Einarsson** Í þessum þætti ræðir Kolbrún Bergþórsdóttir við Svein Einarsson leikstjóra. Sveinn segir frá ætt sinni og uppruna og uppvaxtarárunum. Sveinn rekur námsferil sinn og segir frá lífsstarfi sínu við leiklist. Hann segir m.a. frá tímanum sem hann var dagskrárstjóri innlendir dagskrárdeildar Sjónvarpsins, leikhússtjóri Þjóðleikhússins, talar um starf leikstjórans, segir frá ritstörfum sínum o.fl. Dagskrárgerð: Ásgrímur Sverrisson.
- 15.15 Út og suður**
- 15.35 Af fingrum fram – Laddi** Þáttaröð frá 2003-2004 þar sem Jón Ólafsson ræðir við þekktu tónlistarmenn. Dagskrárgerð: Jón Egill Bergþórsson.
- 16.20 Tónlistarsaga Evrópu**
- 17.50 Táknafréttir**
- 18.00 KrakkaRÚV**
- 18.01 Lalli**
- 18.08 Minnsti maður í heimi**
- 18.09 Simon**
- 18.14 Refurinn Pablo**
- 18.19 Letibjörn og læmingjarnir** Teiknimyndapættir um björn sem býr í Þjóðgarði í Kanada og heldur að hús skógarvarðarins sé yfirráðasvæði hans þegar skógarvörðurinn bregður sér frá. Vandmálið er að hópur læmingja hefst einnig við í húsinu og sambúð bjarnarins og læmingjanna gengur ekki sérstaklega vel.
- 18.26 Klingjur**
- 18.37 Mói**
- 18.50 Landakort Kirkjufell í Grundarfirði**
- 19.00 Fréttir**
- 19.25 Íþróttir**
- 19.30 Veður**
- 19.35 Kastljós**
- 19.50 Menningin**
- 20.00 Flökkuhópar í náttúrunni**
- 20.55 Hið sæta sumarlíf** Mette Blomsterberg er komin í sumarþak og töfrar fram einfalda og sumarlega eftirrétti.
- 21.10 Sýknaður**
- 22.00 Tiufréttir**
- 22.15 Veður**
- 22.20 Hjá Fridu Kahlo** Heimildarmynd um húsið sem myndlistarkonan Frida Kahlo bæði fæddist og lést í, en það gengur undir nafninu Bláa húsið og er í Mexíkóborg. Myndin fjallar um atburði sem hafa átt sér stað innan veggja hússins, en það var algengur samkomustaður ýmissa listamanna og hugsjónamanna.
- 23.15 Haltu mér, slepptu mér**
- 00.00 Dagskrárlök**

GOLFSTÖÐIN

- 08.00 Evian Championship** Útsending frá Evian Championship á LPGA mótardöðinni.
- 10.00 FedEx St. Jude Invitational** Útsending frá FedEx St. Jude Invitational á Heimsmótardöðinni.
- 14.00 BMW Championship** Útsending frá lokadegi BMW Championship á PGA mótardöðinni.
- 20.00 PGA Highlights** Hápunktarnir á PGA mótunum.
- 20.55 PGA TOUR Special Films**
- 21.45 Golfing World** Skemmtilegur þáttur sem fjallar um allt sem við kemur golfheiminum.
- 22.35 PGA Highlights**
- 23.30 PGA Special. In the Spotlight**

ÚTVARP

- FM 88,5** XA-Radíó
- FM 89,5** Retro
- FM 90,1** Rás 2
- FM 90,9** Gullbylgjan
- FM 93,5** Rás 1
- FM 95,7** FM957

SJÓNVARP SÍMANS

- 08.00 Dr. Phil**
- 08.45 The Tonight Show**
- 09.30 Síminn + Spotify**
- 12.00 Everybody Loves Raymond**
- 12.20 The King of Queens**
- 12.40 How I Met Your Mother**
- 13.05 Dr. Phil**
- 13.50 The Neighborhood**
- 14.15 Jane the Virgin**
- 15.00 90210**
- 16.00 Malcolm in the Middle**
- 16.20 Everybody Loves Raymond**
- 16.45 The King of Queens**
- 17.05 How I Met Your Mother**
- 17.30 Dr. Phil**
- 18.15 The Tonight Show**
- 19.00 The Late Late Show**
- 19.45 Superstore**
- 20.10 Gordon Ramsay's 24 Hours to Hell and Back**
- 21.00 Seal Team**
- 21.50 MacGyver**
- 22.35 Mayans M.C**
- 23.35 The Tonight Show**
- 00.20 The Late Late Show**
- 01.05 NCIS**
- 01.50 The Good Fight**
- 02.35 Star**
- 03.20 i'm Dying up here**
- 04.20 Síminn + Spotify**

RÚV RÁS EITT

- 06.45 Morgunbæn og orð dagsins**
- 06.50 Morgunvaktin**
- 07.00 Fréttir**
- 07.30 Fréttayfirlit**
- 08.00 Morgunfréttir**
- 08.30 Fréttayfirlit**
- 09.00 Fréttir**
- 09.05 Segðu mér**
- 09.45 Morgunleikfimi**
- 10.00 Fréttir**
- 10.03 Veðurfregnir**
- 10.13 Flugur Íslensk tónlist, enskir textar**
- 11.00 Fréttir**
- 11.03 Mannlegi þátturinn**
- 12.00 Fréttir**
- 12.02 Hádegisútlit**
- 12.20 Hádegisfréttir**
- 12.40 Veðurfregnir**
- 12.50 Dánarfregnir**
- 12.55 Samfélagið**
- 14.00 Fréttir**
- 14.03 Til allra átta Kjötíð kvatt**
- 15.00 Fréttir**
- 15.03 Að rækta fólk**
- 16.00 Síðdegisfréttir**
- 16.05 Háttalarinn**
- 17.00 Fréttir**
- 17.03 Tengivagninn**
- 18.00 Spegillinn**
- 18.30 Útlit KrakkaRÚV**
- 18.50 Veðurfregnir**
- 18.53 Dánarfregnir**
- 19.00 Sumartónleikar evrópskra útvarpsstöðva**
- 20.35 Mannlegi þátturinn**
- 21.30 Kvöldsagan. Hringrás**
- 22.00 Fréttir**
- 22.05 Veðurfregnir**
- 22.10 Tengivagninn**
- 23.05 Háttalarinn**
- 00.00 Fréttir**
- 00.05 Næturútlit Rásar 1**

STÖÐ 2 BÍÓ

- 12.20 Batman and Harley Quinn**
- 13.35 Paterno**
- 15.20 The Choice**
- 17.10 Batman and Harley Quinn**
- 18.25 Paterno**
- 20.10 The Choice**
- 22.00 Due Date**
- 23.35 The Beguiled**
- 01.10 Born to be Blue**
- 02.50 Due Date**

STÖÐ 2

- 07.00 The Simpsons**
- 07.25 Friends**
- 07.45 Gilmore Girls**
- 08.30 Ellen**
- 09.15 Bold and the Beautiful**
- 09.35 Allir geta dansað**
- 11.25 Divorce**
- 11.55 Landnemarnir**
- 12.35 Nágrannar**
- 13.00 Britain's Got Talent**
- 14.05 Britain's Got Talent**
- 15.05 Britain's Got Talent**
- 16.05 Mom**
- 16.25 Manstu**
- 17.00 Bold and the Beautiful**
- 17.20 Nágrannar**
- 17.45 Ellen**
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2** Fréttastofa Stöðvar 2 flytur fréttir í opinni dagskrá.
- 18.55 Ísland í dag** Skemmtilegur og fjölbreyttur dægurmálaþáttur.
- 19.10 Sportpakkinn** Íþróttafréttamenn fara yfir það helsta úr heimi íþróttanna.
- 19.20 Veður**
- 19.25 Grand Designs Australia**
- 20.20 Suits**
- 21.05 The Righteous Gemstones**
- 22.00 Snatch**
- 22.45 60 Minutes**
- 23.30 Succession**
- 00.30 Our Girl**
- 01.25 Jett**
- 02.15 Knightfall**
- 03.00 Succession**
- 04.00 Succession**
- 04.55 Succession**
- 05.55 Broadchurch** Þriðja þáttaröð og jafnframt sú síðasta af þessum magnþrungu spennuþáttum. Í þessari þáttaröð rannsaka rannsóknarlögreglufulltrúarnir Alec Hardy og Ellie Miller alvarlegt kynferðisbrot. Fljótlega komast þau að því að staðsetning árársinnar og aðstæður þar í kring munu teфа rannsókn málsins.

STÖÐ 3

- 19.10 Mom**
- 19.35 Schitt's Creek**
- 20.00 Seinfeld**
- 20.25 Friends**
- 20.50 Wrecked**
- 21.15 Empire**
- 22.00 Who Do You Think You Are?**
- 22.45 The Hundred**
- 23.30 Supernatural**
- 00.15 Mom**
- 00.35 Seinfeld**
- 01.00 Tónlist**

STÖÐ 2 SPORT

- 06.50 Nottingham Forest - Birmingham City**
- 08.30 Reading - Cardiff City**
- 10.10 LA Chargers - New Orleans Saints**
- 12.30 Grindavík - HK**
- 14.10 Stjarnan - ÍA**
- 15.50 Selfoss - KR** Útsending frá úrslitaleik Mjólkurbikars kvenna.
- 17.30 Football League Show**
- 18.00 Ensku deildabikarmörkin**
- 18.25 Spænsku mörkin**
- 18.55 Breiðablik - Valur** Bein útsending frá leik í Pepsi Max deild karla.
- 21.15 Pepsi Max Mörk karla**
- 23.10 NFL Hard Knocks. Oakland Raiders**
- 00.00 Denver Broncos - San Francisco 49ers** Bein útsending

STÖÐ 2 SPORT 2

- 17.50 KR - Vikingur R.** Bein útsending frá leik í Pepsi Max deild karla.

- FM 96,3** FM Suðurland
- FM 96,7** Létt Bylgjan
- FM 97,7** X-ið
- FM 98,9** Bylgjan
- FM 99,4** Útlit Saga
- FM 100,5** K100

- FM 102,9** Lindin

ht.is

RISA

ÚTSALA!

MEIRA EN 3000 VÖRUTEGUNDIR – ALLT AÐ 75% AFSLÁTTUR!

TAKMARKAÐ
MAGN!
SJÁÐU ALLT
ÚRVALIÐ Á HT.IS



Heimilistæki

REYKJAVÍK AKUREYRI REYKJANESBÆR SELFOSS EGILSSTAÐIR HÚSAVÍK AKRANES

OPIÐ ALLA HELGINA Á SUÐURLANDSBRAUT OG GLERÁRTORGI!

LÍFIÐ

Tuttugasta gleðigangan

Í gær var gleðigangan farin í tuttugasta skipti. Margt var um manninn og veðrið lék við alla. Í kjölfar göngunnar voru tónleikar í Hljómskálagarðinum, sem vel var mætt á. Þar spilaði meðal annars hljómsveitin Hatari sem hefur verið í frii í sumar en vildi taka þátt í þessum viðburði, sérstaklega.



Hatari stóð sig með þryði og hlaut mikil lof. Páll Óskar gerði það sömuleiðis og var mikil ánægja með ræðuna sem hann hélt um réttlæti og sanngirni. Líkur eru á að þetta sé næst-síðasta gangan þar sem Páll Óskar er í forgrunni. steingerdur@frettabladid.is



Ánægðir gestir í kjölfar göngunnar, í Hljómskálagarðinum.



Siggi Gunnars stóð sig með þryði sem kynnir á tónleikunum í Hljómskálagarðinum.

Ungir sem aldnir héldu upp á daginn undir tónum Hatara og Páls Óskars.





SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

ÁSKRIFT AÐ SNILLD

2019/2020


Dagskrá Sinfóníuhljómsveitar Íslands á nýju starfsári er afar fjölbreytt og spennandi. Áskrift er besta leiðin til þess að tryggja sér öruggt sæti með 20% afslætti.

Sala nýrra áskrifta- og Regnbogakorta er hafin á sinfonia.is og í miðasölu Hörpu.



TRYGGÐU ÞÉR SÆTI SINFONIA.IS

Miðasala í Hörpu
sinfonia.is
harpa.is
528 50 50



@icelandsymphony / #sinfó

Aðalstyrktaraðili :

GAMMA

25 ÁRA AFMÆLISDÝNA BETRA BAKS

Sinfonia

VEFVERSLUN
www.betrabak.is

OPIN ALLAN SÓLARHRINGINN



HÖFUM LAGT GRUNN AÐ GÓÐUM DEGI Í

25 ÁR

STÆRSTI DÝNU-
FRAMLEIÐANDI
VERALDAR

Í tilefni 25 ÁRA AFMÆLIS BETRA BAKS höfum við í náinni samvinnu við sérfræðinga SERTA, stærsta dýnuframleiðanda veraldar, sérhannað og framleitt Sinfoniu, einstaka heilsudýnu fyrir viðskiptavinum sem kjósa gæði og gott verð.

SINFONIA er einstaklega þægileg dýna með 7 hægingdalögum. Lögin eru samsett úr hágæða svampi og lagi úr náttúrulegu Talalay-latexi sem saman gefa mýkt og stuðning á réttum svæðum. Sinfonia er með 5 svæðaskiptu pokagormakerfi og stýrist hreyfing gormanna af mismunandi þunga líkamssvæða. Þannig veitir dýnan alltaf hárréttan stuðning. Gormakerfið er mýkra á axlasvæðum og við mjóbak til að halda réttri sveigju á líkamanum alla nóttina. Steyptar kantstyrkingar gefa þér um 25% meira svefnrými og eykur það endingu dýnunnar. Áklæðið utan um dýnuna er úr 100% bómull og andar einstaklega vel.

SERTA SINFONIA ÓTRÚLEGT AFMÆLISVERÐ

STÆRÐ	AFMÆLISVERÐ STÖK DÝNA	AFMÆLISVERÐ MEÐ COMFORT BOTNI OG FÓTUM
120x200 cm	65.900 kr.	103.940 kr.
140x200 cm	72.900 kr.	115.875 kr.
160x200 cm	79.900 kr.	133.375 kr.
180x200 cm	89.900 kr.	152.060 kr.
180x210 cm	95.900 kr.	166.745 kr.
192x203 cm	99.900 kr.	170.745 kr.

FAXAFENI 5
Reykjavík
588 8477DALSBRAUT 1
Akureyri
588 1100SKEIDI 1
Ísafirði
456 4566Betra
BAK

„Við erum svo bara að halda áfram með vinnsluna á nýja efni á næstunni og halda okkur í góðum filing. Stefnum á að klára næsta lag núna í haust og vonandi detta inn á tónleika eða tvenna,“ segir Jónas.

Edrúmennskan kom bandinu aftur saman

Hljómsveitin **Motorfly** var að gefa út nýtt lag. Það er fyrsta lagið sem kemur út af væntanlegri plötu, en hún heitir í bili Lucky Silent Future.

Lagið fjallar um glímuna við fíknina og óreiðu skilningarvitanna í þeirri baráttu, hvernig fíknin talar til manns og spilar á öll skilningarvitin,“ segir Jónas Welding Jónasson, söngvari og gítarleikari Motorfly, en hljómsveitin hefur gefið út lagið Very Nice Smell og er það komið í flestar veitur.

Ellefu ár frá No Return

Lagið er fyrsta lag hljómsveitarinnar síðan hljómsveitarinnar kom út fyrir rúmum ellefu árum síðan á vegum útgáfunnar Töfrahellirinn. Þekktasta lag sveitarinnar er trúlega Gold for Free sem hljómaði í útvarpstækjum landsmanna á því herrans ári 2008. Lagið er fyrsta lagið af væntanlegri plötu sem hlotið hefur vinnsluheiðið Lucky Silent Future.

Mín fíkn og alkóhólismi

„Við höfum verið að spila saman og smíða lög á nýja plötu undanfarin misseri og er þetta fyrsta lagið sem við klárum af því sem hefur verið í vinnslu,“ segir Jónas og bætir við að lagið sé á persónulegu nóttunum.

„Þetta er mér mjög kunnuglegt allt saman og í raun var það mín fíkn og alkóhólismi sem splundraði bandinu á sínum tíma – það er oft sagt að hljómsveitir hætti aldrei, en þessi var allavega alveg óstarfhæf þegar ruglið tók yfir. Nú hef ég, í fyrsta skipti á ævinni, verið edrú í einhvern tíma en það tókst árið



●● VÍÐ HÖFUM VERIÐ AÐ
SPILA SAMAN OG
SMÍÐA LÖG Á NÝJA PLÖTU
UNDANFARIN MISSERI OG ER
ÞETTA FYRSTA LAGIÐ SEM VÍÐ
KLÁRUM AF ÞVI SEM HEFUR
VERIÐ Í VINNSLU.

●● ÉG SAMDI TEXTANA Á
SÍÐUSTU PLÖTU Í
MIKLU RUGLI OG ÞAÐ MÁ VEL
HEYRA Á FLESTUM ÞEIRRA.

2016, sem var algjör grunnforsenda fyrir því að taka upp þráðinn að nýju.“

Ásamt Jónasi sem syngur og spilar á gítar er Very Nice Smell leikið af þeim Óla Rúnari Jónssyni (bassi, gítar, raddir), Flóka Árnasyni (trommur) og Helga Rúnari Gunnarsyni (gítar). Þá syngur Kolbrún Þorsteinsdóttir í laginu.

Lagið er tekið upp og hljóðblandað í Down Below Studios í Reykjavík af Óla Rúnari og masterað af Finni Hákonarsyni.

Næntís austurstrandartónn

„Óli hafði svo samband við mig þegar hann frétti að ég væri orðinn edrú og við ákváðum að telja í æfingu aftur og höfum verið að

semja og krukka í nýrri músík síðan. Ég samdi textana á síðustu plötu í miklu rugli og það má vel heyra á flestum þeirra. Þó að þessi fjalli einnig um ruglið þá tel ég mig merkja að hann geri það í ákveðinni fjarlægð og af skilningi, sem ég tel góða þróun fyrir mig persónulega.“

Hljómsveitina hafði lengi dreymt um að fá stelpuródd í hópinn og lét loksins verða af því með Kolbrúnu.

„Það er einhver svona næntís austurstrandartónn í þessu hjá okkur sem mögulega hefur kallað á þessa tilraun reglulega. Úr varð að Kolbrún Þorsteinsdóttir, söngkona Above the Lights, var svo væn að ljá okkur rödd sína í þetta lag og erum við sérstaklega ánægðir með hennar framlag og útkomuna. Hún gefur þessu flauelsmjúka áferð sem blandast skemmtilega við hráan og óslípaðan hljóminn í bandinu,“ segir Jónas.

benediktboasn@frettabladid.is

SÍMAR AUGLÝSINGAÐEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jóhanna Helga Viðarsdóttir johanna@frettabladid.is ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050: Gústaf Bjarnason gustaf@frettabladid.is, Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Sigfús Örn Einarsson sigfus@frettabladid.is, Svava Ó'Brien svava@frettabladid.is, Örn Geirsson orn.geirsson@frettabladid.is FÖLK/SERBLÖÐ SÍMI 550 5077: Atli Bergmann atli@frettabladid.is, Arnar Magnússon arnar@frettabladid.is, Jóhann Waage johannwaage@frettabladid.is, Jón Ingar Vilhelmsson jonivar@frettabladid.is, Ruth Bergsdóttir ruth@frettabladid.is FÖLK OG SERBLÖÐ EFNÍ: Benedikt Boas Hinriksson benediktboas@frettabladid.is RADAUGLÝSINGAR / FASTEIGNIR SÍMI 550 5056: Hrannar Helgason hrannar@frettabladid.is, Viðar Ingi Pétursson vip@frettabladid.is ÞJÓNUSTAUGLÝSINGAR SÍMI 550 5055: Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@frettabladid.is, Guðrún Inga Grétarsdóttir gudruninga@frettabladid.is

ENN HOLLARI OLÍA

það byrjar allt með fjórum fræjum



**OMEGA 3 & 6
+ D- & E-VÍTAMÍN
NAUÐSYNLEGAR FYRIR LÍKAMANN**

ISIO 4 FÆRIR ÞÉR MIKILVÆG NÆRINGAREFNI



BAKÞANKAR

Guðmundar
Brynjólfssonar



ESB

Hefur þú, lesandi góður, farið í sólarlandaferð?

Inni í hóteldgarðinum mega þeir vera sem hafa keypt aðgang að sérreittindunum. Þar þjóna til borðs og laugar nútíma-þrælar auðvaldsins, illa launað verkafólk sem gjarna fer á „ferðamannavertið“. Þar eru brotin á því öll finu réttindin sem Evrópusambandið „fann upp“ um lögboðinn hvíldartíma hins vinnandi manns. Það segist, þetta fólk – og maður horfir upp á það – stendur 14 til 15 tíma vaktir vikum saman.

Fyrir utan vegg hótelsins dvelja fyrir náð og miskunn svartar konur og bjóðast til þess að flétta stúlkubörn þeirra sem búa innan hótelveggja. Þessar konur mega auðvitað ekki koma innfyrr, inn í hóteldgarðinn, þær eru sterkur vitnisburður um „frelsið“ sem þrífst á jaðrinum. Svo eru það þeir sem mega ekki einu sinni vera á jaðrinum, líka svartir. Þeir eru ólöglegir á mörkunum, óvelkomnir á mærunum. Þeir taka saman í flýti hafurtask sitt og flýja út í myrkið þegar landamæravarsla ESB, lögreglan á strandgötunni, gengur kvöldgönguna. Og hvað eru þeir að selja þessir drengir sem eru ólöglegir á jaðrinum? Jú, þeir eru að selja fótboldatreyjur merktar piltum sem bera framandi nöfn: Aubameyang, Mané, Umtiti og Toko Ekambi. Þessir fótboldasnillingar eru það síðasta sem nýlenduvaldið kramdi út úr Afríku; í löglegu mansali alþjóðafótboldans. Fluttur inn, og höndlað með þá af þeim sem áður nauðuguðu, drápu eða seldu formæður þeirra.

Strandhótelid og umhverfi þess er ekki annað en smækkuð mynd Evrópusambandsins. Allt í lagi í sjálfu sér, en gangverk þess er rangt. Jaðarsetningin er forkastanleg, hlíðvarslan svakaleg, verslunarfrelsið skerðingin ein. Sumir mega, aðrir ekki. Ósýnilegir stjórnendur ákveða hver á að vera hvar, og hver má vera hvar.

Verð áður: 1.990
990 KR/KG
GOTTERÍ
Kvikk
ON THE GO

LÍFIÐ ER
GOTTERÍ

50%
AFSLÁTTUR
FIM-SUN

GOTTERÍ

Verð áður: 1.990
990 KR/KG

Kvikk
ON THE GO

GERIÐ GÆÐA- OG VERÐSAMANBURÐ

Mikið úrval af heilsurúmum og dýnum

Full búð af nýjum vörum



BODYPRINT **Reverie**

STILLANLEG HJÓNARÚM

Reverie 7S með Bodyprint heilsudýnum
Allar nánari upplýsingar á www.svefnogheilsa.is

- Tvíhert stálgrind
- Einföld og þægileg fjarstýring
- Hljóðlátir og kraftmiklir móttrar
- Lyftigeta 2x611 kg, hvor botn
- Hliðar- og endastopparar svo dýnur færast ekki í sundur.



VALHÖLL frábær dýna í sumarbústaðinn

5 svæðaskipt heilsudýna, pokagormakerfi og gæðabólstrun

Verð frá aðeins kr. 74.900.- m/botni og fótum

FLOTT
Í SUMAR-
BÚSTAÐINN



SVEFNSÓFI PIU

Medium Arm Antracite
Belgískur Svefnsófi fyrir þá allra kröfuhörðustu.
Mjög sterk grind með góðri gormadýnu.
Slitsterkt áklæði - Verð kr.369.900.-.



YARIS SVEFNSÓFI

Góður svefnsófi á góðu verði.
Svefnsófi er úr gráu slitsterku áklæði með 140 memory foam dýnu
Verð aðeins kr. 154.900.-



PRESTON - SVEFNSÓFI / Einnig fánlegur sem tungu-svefnsófi
Góð memory foam dýna sem er 140 cm á breidd.
Verð aðeins kr. 249.900.-

Frábært úrval af
sófum og svefnsófum

12 mánn.
VAXTALAUSAR
GREIÐSLUR



LYFTU-HVÍLDARSTÓLL - KOMIN AFTUR

Þessir vinsælu hvíldarstólar eru með ekta leðri á slitflötum og PU-leðri á hliðum og baki.
Stólarnir eru mjög þægilegir og styðja vel við lágbak.
Hægt er að stilla þá frá því að sitja uppréttur að því að leggjast vel afturábak.
Góðir stólar á frábæru verði - 3 litir.
Verð aðeins kr. 119.900.-

ÚRVAL AF BAÐSLOPPUM

fyrir dömur og herra
Handklæði í úrvali
góð í sumarbústaðinn



vefverslun
svefnogheilsa.is

Svefn & heilsa

Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150
Opíð virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00